



Fyrsta þota flugfélagsins Play flaug yfir höfuðborgarsvæðið í gær og vakti töluverða athygli. Eðlilega, enda langt síðan flugvélar hafa sést á sveimi yfir borginni, hvað þá fagurrauðar. „Þetta var risa-dagur fyrir okkur,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Play, skælbrosandi en vélin er sú fyrsta af þremur sem Play fær á næstu vikum. Það er nauðsynlegt að endurreisa ferðaþjónustuna og við ætlum ekki að láta okkar eftir liggja. Við erum í skýjunum yfir þeim viðtökum sem við erum að fá hjá Íslendingum og ferðalöngum sem eru á leið til landsins,“ segir Birgir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vill ekki stytta opnunartíma skemmtistaða

Borgarstjóri telur ekki rétt að stytta opnunartíma skemmtistaða varanlega eins og lög-regla kallar eftir. Sagan sýni að styttri opnunartími þýði ekki endilega aukið öryggi.

adalheidur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Ekki stendur til að festa styttri opnunartíma skemmtistaða í miðborg Reykjavíkur, sem innleiddur var vegna sóttvarnaaðgerða, til frambúðar. Þetta segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Hættan er sú að ef styttri opnunartími verður viðvarandi þegar samkomutakmörkunum sleppir færast skemmtanahaldið einfald-

lega út á stræti og torg og í íbúða-hverfi og heimahús af því barir og veitingastaðir loka allir í einu,“ segir Dagur og vísar til stöðunnar fyrir tuttugu árum áður en opnunartími var gefinn frjálsari.

„Sagan kennir okkur að það þýðir ekki endilega aukið öryggi, færri afbrot eða meira næði að hafa opnunartímann styttri. Ég myndi hins vegar fagna því að fólk byrji fyrr og fari þá líka fyrr heim eins og hefur verið áberandi að undanförunu, það verði nýr partur af skemmtanameningunni. Vonandi er sú þróun komin til að vera,“ segir Dagur.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur kallað eftir því í fjölmiðlum að undanförunu að styttri opunar-

”

Sagan kennir okkur að það þýðir ekki endilega aukið öryggi, færri afbrot eða meira næði að hafa opnunartímann styttri.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

tími skemmtistaða verði tekinn til umræðu meðal hagsmunaaðila í ljósi reynslunnar undanfarið ár. Í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að ekki hafi borist formlegt erindi til borgar-ráðs um samtal en borgarstjóri segist ræða reglulega við lögreglustjóra um málefni miðborgarinnar.

„Það hafa sannarlega orðið afgerandi og jákvæðar breytingar í afbrotatölfræðinni á meðan samkomutakmarkanir hafa verið í gildi. Þetta hefur verið tengt við styttri opnunartíma skemmtistaða og örugglega er eitthvað til í því. Það má þó ekki gleyma því að samkomutakmarkanir vegna faraldursins hafa ekki síður haft áhrif á

aðrar skemmtanir og party í heima-húsum. Það hefur líklega ekki síður skilað sér í fækkun afbrota í ákveðnum brotaflokkum,“ segir Dagur og bætir við:

„Reykjavíkurborg vill öruggt skemmtanalíf. Það stendur hins vegar ekki til að festa þann styttri opnunartíma, sem innleiddur var vegna sóttvarnaaðgerða, til frambúðar. Borgin vill vinna áfram að öruggari skemmtistöðum í samvinnu við rekstraraðila og lögreglu og það getur verið fullt tilefni til að fjölga þeim stöðum sem taka þátt í því. Jafnframt munum við fylgjast áfram með þróuninni í góðri samvinnu við lögreglu og bregðast við eftir því sem tilefni verður til.“ ■

GOTT Á GRILLIÐ
Í NÆSTU NETTÓ

TILBOÐ GILDA 16. – 20. JÚNÍ

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

Heilt nauta
rib-eye

Danish Crown

2.759 KR/KG

ÁÐUR: 4.599 KR/KG

40%
AFSLÁTTUR

KIÖTSEL

Kjúklíngabringur
Grilltvenna

1.866 KR/KG

ÁÐUR: 2.665 KR/KG

30%
AFSLÁTTUR

KIÖTSEL

Hamborgarar
4x90 gr
með brauði

798 KR/PK

ÁÐUR: 998 KR/PK

20%
AFSLÁTTUR



Stigin er oft langur í rennibrautirnar.

Óskaði eftir lyftu í rennibrautirnar

kristinnpall@frettabladid.is

HÖFN Bæjarráð Hafnar í Hornafirði tók fyrir á fundi bæjarráðs í gær beiðni frá Ægi Þór Sævarssyni, níu ára dreng sem glímir við vöðvarýrnunarsjúkdóminn Duchenne. Í bréfinu óskaði Ægir eftir fundi með bæjarráði í von um að ræða möguleikann á lyftu við vatnsrennibrautina í sundlaug bæjarins.



Það eru þrjár rennibrautir við sundlauginna í Höfn á Hornafirði.

Þar lýsir Ægir því að hann vilji geta farið margar ferðir með vinum sínum en hann verði of þreyttur í fótunum. Fyrir vikið þurfi hann að hvílast reglulega. Bæjarráð lofaði að taka málið til skoðunar. ■

Á fljúgandi siglingu yfir Öskjuhlíðinni



Spennufiklar fá nýtt tæki til að koma púlsinum af stað á næstu vikum þegar aparóla (e. zip line) opnar í Öskjuhlíð. Borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkti í vor að veita hugmyndinni eins árs aðstöðuleyfi. Generalprufa stóð yfir í gær og hefst ferðin í Perlunni með borgina í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ærslabelgur er góð skemmtun sé hann á réttum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Æsingur í Hafnarfirði vegna ærslabelgs

benediktboas@frettabladid.is

HAFNARFJÖRDUR Íbúar við Fléttuvelli í Hafnarfirði vilja að bærinn stöðvi tafarlaust framkvæmdir við ærslabelg. Íbúarnir hafa sent bænum bréf þar sem er tíundað að ærslabelgurinn, sem á að koma við leikskólann Hamravelli, sé settur upp án aðkomu íbúa. „Íbúar almennt hér í bænum ættu alls ekki að þurfa að líða slík vinnubrögð,“ segir í bréfinu.

Benda íbúar á að engin grenndarkynning hafi farið fram á þessu verkefni og að mosi sé friðaður samkvæmt lögum. Það sé því best að finna belgnum nýja staðsetningu og vinna án tafar hafin við að laga það tjón sem þegar hefur verið valdið í óþökk íbúa.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar vísaði bréfinu til umsagnar skipulags- og byggingarfulltrúa. ■

Strax fullbókað á hótelið fyrir mótið á næsta ári

Uppbókað er í gistingu víða í Vestmannaeyjum þegar þar á að fara fram TM-mótið í fótbolta á næsta ári. Starfsmaður Hótel Vestmannaeyja segir fólk panta gistingu strax fyrir næsta ár þegar móti ársins lýkur. Um 1.200 keppendur tóku þátt á mótinu í ár sem lauk á sunnudag.

birnadrofn@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR Starfsmaður á Hótel Vestmannaeyjum segir nánast öll gistirými hótelsins upp bókuð helgina 9.-11. júní á næsta ári en þá fer fram í bænum TM-mótið í fótbolta. Síðastliðinn sunnudag lauk TM-móti þessa árs og segir starfsmaður hótelsins það ekki óvanalegt að þegar mótinu ljúki sé fólk þegar farið að bóka gistingu fyrir næsta mót.

„Stelpurnar koma flestar hingað tvö ár í röð og foreldrarnir panta bara strax aftur fyrir næsta ár,“ segir starfsmaður hótelsins og bætir við að það sama sé upp á teningnum varðandi Orkumótið sem haldið er í sama mánuði og þar eru strákarnir keppendur. „Þar á ég tvö einstaklingsherbergi eftir árið 2022 og fyrir bæði stráka og stelpumótin er ég farin að fá bókanir inn í árið 2023.“

Sama sagan virðist vera á fjölda annarra gististaða í Vestmannaeyjum í kringum TM-mótið á næsta ári en ef leitað er eftir gistingu á svæðinu dagana 8.-11. júní árið 2022 á bókunarvefnum booking.com kemur í ljós að þar eru engin gistiþléss laus umrædda helgi.

Sigríður Inga Kristmannsdóttir, mótsstjóri TM- og Orkumótsins, segir bæinn fyllast af fólki þegar mótin séu. Aldrei fyrr hafi TM-mótið verið jafn stórt og í ár þegar um 1.200 þátttakendur frá 34 liðum tóku þátt.



TM-mótið í Vestmannaeyjum hefur farið fram á hverju ári frá árinu 1990.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERLA



Á vef TM-mótsins má finna dagsetningar mótsins fram til ársins 2030, svo það er vel passað upp á að dagsetningarnar séu tilbúnar langt fram í tímann.



Sigríður Inga Kristmannsdóttir, mótsstjóri TM- og Orkumótsins.

„Það má svo gera ráð fyrir að hverri stelpu fylgi að lágmarki einn fjölskyldumeðlimur en með sumum kemur öll fjölskyldan svo það má áætla allavega tvö þúsund manns fyrir utan þátttakendur,“ segir Sigríður aðspurð um fjölda fólks sem flykkist til Eyja á meðan á mótinu stendur.

Hún segir mótið hafa gengið vel þrátt fyrir að margt hafi verið með breyttu sniði vegna sóttvarnareglna. „Allt sem átti að vera inni í íþróttahúsinu var til að mynda fært út, hæfileikakeppnin var rafræn og kvöldvökunni var skipt upp í sóttvarnahólf,“ segir Sigríður.

Þá segir hún að nú standi yfir lokaundirbúningur Orkumótsins sem fram fari í næstu viku, skipulagning við mót sem þessi skipti höfuðmáli, til að mynda svo allir geti fundið sér gistingu fram í tímann. „Á vef TM-mótsins má finna dagsetningar mótsins fram til ársins 2030, svo það er vel passað upp á að dagsetningar séu tilbúnar langt fram í tímann,“ segir Sigríður. ■

MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

Útiflísa dagar

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

DRESSMANN Á ÍSLANDI 25 ÁRA!

TAKK FYRIR AÐ FYLGJA OKKUR OG
VERIÐ ÁVALLT VELKOMIN.



AÐ ÞVÍ TILFNI BJÓÐUM VIÐ
ALLAR OKKAR VÖRUR Á

-40%

AFSLÆTTI 16 JÚNÍ.

Dressmann

FYRIR ALLA MENN DRESSMANN.COM



Fiskafli eykst á milli ára en minnkar í maímánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fiskafli minni í maí en fyrir ári

urduryrr@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Heildarfiskafli í maí 2021 er áætlaður 14%minni en árið áður eða tæplega 108 þúsund tonn. Á 12 mánaða tímabili, frá júní 2020 til maí 2021, hefur heildarfiskafli hins vegar aukist um 12% miðað við sama tímabil á undan. Aflinn á þessu tímabili fór frá 969 þúsund tonnum í 1.088 þúsund tonn. Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands sem voru birtar í gær.

Aðeins meira var veitt af botnfiski í maí 2021 en árið áður en 27% minna var veitt af uppsjávarfiski. Sú lækkun skýrist aðallega af kolmunna en afli af þeirri tegund var 26% minni. Þá var aukning veiða á ýsu 32% í maí á þessu ári og 78% á ufsa.

Hafrannsóknastofnun kynnti í gær ráðgjöf fyrir fiskveiðar á næsta ári þar sem lagður er til 13% samdráttur í þorski. Það er jafnt og 17 til 18 milljarða króna samdráttur í aflaverðmæti. Ráðgjöfin nú skýrist að hluta af því að stærð stofnsins er talin hafa verið ofmetin á undanförnum árum.

Þá er lögð til 11% aukning ýsuafla, 17% minni gullkarfaafli, 13% aukning í grálúðu og rúm tvöföldun fyrir íslensku sumargots-síldina. ■

LEIÐRÉTTING

Áfram er grímuskylda á sitjandi viðburðum þrátt fyrir breyttar takmarkanir á samkomum sem tóku gildi í gær. Þegar talað er um sitjandi viðburði er átt við leikhús, athafnir í trú- og lífsskoðunarfélögum, íþróttaviðburði og ráðstefnur. Ranglega var greint frá því í Fréttablaðinu í gær að á slíkum viðburðum væri ekki grímuskylda, það er ekki rétt. ■

Hefðu átt að hugsa um samgöngurnar frá byrjun

kristinnhaukur@frettabladid.is

GARÐABÆR Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Garðabæjarlistans, segist fagna því að loks verði tekið á samgöngum í Urriðaholti. Listinn, sem er í minnihluta, hafi þrýst á umbætur um langt skeið.

„Fyrir ári síðan fór enginn strætó að hverfinu,“ segir Sara en í dag er pöntunarþjónusta á vögnum utan annatíma. „Nýir íbúar skilja ekki þennan þankagang, hvernig þetta á að virka.“



Nýir íbúar skilja ekki þennan þankagang, hvernig þetta á að virka.



Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Garðabæjarlistans.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa íbúar hverfisins gagnrýnt þetta fyrirkomulag sem og skort á hjóltreida- og göngustígum inn og út úr hverfinu.

Sara segir að það hefði átt að hugsa um samgöngumálin í hverfinu frá byrjun, ekki sist þar sem það sé skilgreint sem umhverfisvænt og sé að byggjast hratt upp. „Þjónustan er ekki inni í hverfinu og því þarf að tryggja að samgöngur séu góðar.“

Aðspurð um þær aðgerðir sem greint var frá í gær, það er bæði hvað varðar reglulegar strætóferðir, stíga og betra öryggi á stóru gatnamótunum við Kaupþún, segir Sara bjartsýn á að þær dugi til að leysa vanda íbúa hverfisins. ■

Rohypnol áfram ávísað á undanþágu

Svefnlyfinu Rohypnol er enn ávísað hér á landi þrátt fyrir að það hafi misst markaðsleyfi sitt og framleiðslu verið hætt. Það gengur stundum undir heitinu „nauðgunarlyfið“.

linda@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Meðal þeirra 25 undanþágulyfja sem oftast var ávísað í aprilmánuði var svefnlyfið Rohypnol (Flunitrazepam Mylan) eða í 59 skipti, samkvæmt yfirliti Lyfjastofnunar. Markaðsleyfi lyfsins hér á landi var fellt niður í byrjun árs og framleiðslu þess hætt samkvæmt upplýsingum frá Lyfjastofnun. Enn er lyfið þó í umferð.

Lyfið hefur lengi verið notað og stundum gengið undir hinu alræmda heiti „nauðgunarlyfið“. Það hefur gengið undir ýmsum merkjum hjá notendum erlendis eins og „Forget Me Pill“ eða „Gleym-mér pillan“, og lesa má á um á vef fíkniefnalögreglu Bandaríkjanna (DEA). Fórnlömbin falla í óminni ef þeim er byrjað lyfið og geta enga björg sér veitt eða mótspyrnu.

Þekkt er að erfitt er að sanna byrlun með Rohypnol því leifar efnisins eru fljótar að fara úr líkamanum. Enn koma upp tilfelli á Neyðarmóttöku Landspítalans þar sem frásögn brotþola vekur grunsemdir um að byrlun hafa orðið, miðað við magn áfengis sem brotþoli innbyrti eða þá að hann neytti ekki neins áfengis en féll samt í óminni. Samkvæmt Neyðarmóttökunni eru sýni einungis send lögreglu í tilvikum þar sem kæra liggur fyrir.

Samkvæmt Lyfjastofnun hefur Rohypnol verið ávísað frá því það fékk íslenskt markaðsleyfi árið 1992. Lyfið var þó tekið af markaði í byrjun árs 2020 og markaðsleyfið var svo fellt niður 1. febrúar síðast-



Undanþágulyfinu Rohypnol var ávísað 59 sinnum til sjúklinga í aprilmánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þekkt er að erfitt er að sanna byrlun með Rohypnol því leifar efnisins eru fljótar að fara úr líkamanum.

liðinn. Undanfarin tvö ár hefur lyfið verið afgreitt með undanþáguávísunum.

Í svari Lyfjastofnunar um hvers vegna lyfið er enn í umferð segir að mjög mismunandi sé hvaða svefnlyf henti einstaklingum hverju sinni.

„Sumir læknar hafa óskað eftir undanþágu um notkun þess fyrir sína sjúklinga, enda getur verið erfitt og langt ferli að trappa fólk af lyfinu, með hættu á fráhvörfum og tengdum heilsufarsafleiðingum,“ segir í svarinu og þar sem Rohypnol sé óskráð lyf beri lækni sem ávísar lyfinu ríkari skyldur en annars í því

að fræða sjúklinginn um notkun þess.

Í svari Lyfjastofnunar segir að 59 ávisanir á lyfið sé ekki meira en vanalega en sveiflur eru aðeins á milli mánaða. Ávisanir í apríl voru nokkuð minni en í mars og janúar en sambærilegar á við febrúar. Ekki beri á aukningu á ávísunum.

Stofnunin vinnur eftir því að aðeins séu samþykktar ávisanir fyrir einstaklinga sem þegar eru á lyfjameðferð með lyfinu, eða mjög sérstakar ástæður eru gefnar af umsækjanda, það er lækni viðkomandi einstaklings. ■



Opið 17. júní

Blöðrur - Fánar - Sleikjóar - Rellur

Allt fyrir veisluna á einum stað:
Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



Faxafeni 11 - Sími 534 0534 - partybudin.is

Ratcliffe með um fjögurra milljarða uppbyggingu á norðausturhorninu

arib@frettabladid.is

NORÐURLAND Six Rivers Project, sem auðkýfingurinn Jim Ratcliffe stendur á bak við, hyggst fjárfesta fyrir fjóra milljarða króna í uppbyggingu fjögurra veiðihúsa á landi sínu á Norðausturlandi.

Um er að ræða lúxusbyggingar sem eiga að standa við Miðfjarðará, Hofsá og í Vesturdal, þá verður veiðihús við Selá stækkað. Ratcliffe hyggst ekki kaupa meira land á svæðinu í tengslum við uppbygginguna.

Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Six Rivers Project, sem hét áður Veiðiklúbburinn Strengur, segir að tilgangurinn sé að laða að veiðimenn til að gera verndarstarfið sjálfbært. „Við erum að



Jim Ratcliffe stendur að baki uppbyggingunni.

búa til lúxusaðstöðu til að draga að fleiri veiðimenn,“ segir hann. Ekki er búið að klára kostnaðaráætlun en Gísli segir að þetta muni kosta minnst fjóra milljarða.

Gísli segir að tryggt verði að uppbyggingin verði gerð á sem umhverfisvænastan hátt. „Við erum ekki að fara að henda niður steinum í viðkvæma náttúru,“ segir hann. Búið sé að fara í heilmikla undir-



Tryggt verður að uppbyggingin verði gerð á sem umhverfisvænastan hátt og búið er að fara í mikla undirbúningsvinnu.

búningsvinnu, þar á meðal kanna hvort þar sé að finna fornleifar. „Þetta er langstærsta verkefni sem einstaklingur hefur farið í á þessu svæði.“ ■



blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

**Mörg þúsund vörur á tilboði
í dag um land allt**

HÚSASMIÐJU DAGURINN

20-30% afsláttur

Sumarblóm **25%** • Garðplöntur **25%** • Trjáplöntur **25%** • Pottaplöntur **25%**
Úti blómapottar **25%** • Pallaolía **30%** • Viðarvörn **30%** • Fiskars garðverkfæri **20%**
Sláttuvélar **20%** • Claber slönguhjól **20%** • B+D hekkklipur **25%** • LADY málning **25%**
Flísar **25%** • Parket **25%** • Nilfisk háprýstidælur **20-25%** • Hikoki verkfæri **20%**
B+D rafmagnsverkfæri **25%** • Þvottasnúrur og grindur **20%** • Avasco hillurekkar **20%**
Hreinlætisvörur **20%** • Útimálning **30%** • Jeldwen hurðir **25%** • Tröppur og stigar **20%**
NEO topplyklasett **30%** • Vinnufatnaður **20%** • Úti- og inniljós (Gildir ekki af Hue) **20%**
Blöndunartæki **25%** • Pottar og pönnur **20%** • Glös og diskar **20%** ... og margt fleira

Garða- ráðgjöf

Skútuvgi kl. 16-20
Vilmundur Hansen,
garðyrkjufraeðingur
gefur góð ráð fyrir
garðverkin

Gefum ÍS í Skútuvgi

Kl. 12-18



Opið til kl. 21:00

í Skútuvgi
í kvöld

LADY

Litaráðgjöf

Skútuvgi kl. 18-20
Maja Ben hjálpar þér að
velja réttu litina



**Einnig
í vefverslun**
husa.is

Nauðsynlegt að afmá slóða til að bæta ásýnd

urduryrr@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Mikilvægt er að afmá stiga eða slóða sem eru ekki lengur í notkun við gosstöðvarnar, segir René Biasone, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. „Þegar þessar leiðir eru byggðar upp hefur verið leitað eftir áliti Umhverfisstofnunnar og við höfum alltaf bent á það sem þarf að huga að því að afmá.“

Það er stefna stofnunarinnar að alltaf skuli afmá jarðrask eftir framkvæmdir og á það einnig við um svæðið í kringum gosstöðvarnar. „Stofnunin mælir með því og telur

það vera nauðsynlegt til að bæta ásýnd svæðisins, sérstaklega því þetta verður mjög fjölsótt svæði. Bara það að afmá þessa slóða sem eru ekki í notkun bætir upplifun fólks og er líka náttúruverndarráðstöfun,“ segir René.

Hann bendir á að þegar hraunrennsli er ekki lengur að breyta ákveðnum svæðum verði hægt að setja upp áætlun um hvernig varanlegir stígar eða slóðar eiga að vera.

Hann giskar á að enn sé töluvert í framkvæmdirnar enda hraunið enn að færa sig. Þá bendir René á að þær leiðir sem hafa verið lagðar síðan

eldgos hófst séu bráðaaðgerðir sem taldar hafa verið nauðsynlegar til að bæta öryggi og aðgengi viðbragðsaðila á svæðinu. „Uppbygging gossvæðisins sem ferðamannastaðar er langtímaplan sem fer í hefðbundið skipulagsferli,“ segir hann.

Þar sem svæðið er ekki friðlýst, fyrir utan hraunið sjálft sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, eru aðgerðir þar ekki leyfisskyldar hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin er umsagnaraðili og gefur ábendingar um hvernig megi gera hlutina. Sveitarfélög og landeigandi þurfi að framkvæma. ■



Sumir slóðar eru ekki lengur í notkun sökum hraunflæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frumtak með sjö milljarða vísisjóð

helgiviðill@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Frumtak Ventures hefur lokið við fjármögnun og stofnun nýs vísisjóðs, Frumtaks III, sem er sjö milljarðar að stærð. Ásthildur Otharsdóttir, fyrrverandi stjórnarformaður Marels, stýrir sjóðnum. Þetta kemur fram í tilkynningu.



Ásthildur Otharsdóttir, sjóðstjóri Frumtaks III.

Frumtak III mun fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum sem eru á fyrstu stigum fjármögnunar og þykja vænleg til vaxtar á alþjóðlegum mörkuðum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn muni fjárfesta í átta til tíu fyrirtækjum fyrir um 200-500 milljónir í hverju félagi. Fjárfestingatímabil sjóðsins er fimm ár og starfstími tíu ár.



Vísisjóðir Frumtaks hafa til dæmis fjárfest í Controlant og Meniga.

Frumtak Ventures rak fyrir tvo vísisjóði, Frumtak og Frumtak II. Fyrsti sjóðurinn var stofnaður árið 2009 og hafa sjóðirnir fjárfest í 21 fyrirtæki frá stofnun. Þeirra á meðal eru Controlant, Meniga, Sidekick, Valka og DataMarket. Hagnaður vísisjóða Frumtaks á árinu 2020 nam samanlagt 2,2 milljörðum. ■

Bannlisti hundategunda röng nálgun

Þremur nýjum hundategundum verður bætt við á bannlista þar sem MAST telur þær hættulegar. Félag ábyrgra hundaeigenda telur bann af þessum toga ranga nálgun.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRALÍF Samkvæmt nýjum reglugerðardrögum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bætast þrjár hundategundir á bannlista til innflutnings. Verða þær þá í heildina fjórar talsins. Félag ábyrgra hundaeigenda segir löggjöfina í heild byggja á rangri nálgun.

„Það er ekki hægt að segja að ákveðna tegundir séu hættulegar og að gera það veitir okkur falskt öryggi,“ segir Freyja Kristinsdóttir, dýralæknir og formaður félagsins, sem berst fyrir bættum réttindum hundaeigenda og bættu hundahaldi í landinu. „Með því að banna ákveðnar tegundir verða ekki aðeins hættulausir hundar eftir í landinu. Allir hundar geta bitið. Þess vegna þarf að meta hvern og einn hund fyrir sig.“

Hundarnir sem um ræðir og Íslendingar hafa sóst eftir að flytja inn eru Cane Corso, Presa Canario og Boerboel. Bætast þeir við Pit og Staffordshire Bull Terrier, Fila Brasileiro, Toso Inu og Dogo Argentino. Þá mun Matvælastofnun, MAST, áfram hafa heimild til að banna tegundir eða blendinga með rökstuddri ákvörðun.

Freyja segir að það þurfi að vekja almenning til vitundar um hvernig eigi að nálgast hunda. „Í langflestum tilfellum bita hundar vegna þess að fólk kann ekki að umgangast þá. Ef þeim liður illa í vissum aðstæðum og komast ekki burt getur eina leiðin þeirra verið



Hinn suður-afríski Boerboel lendir á nýjum bannlista. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

að glefsa eða bita frá sér,“ segir hún. Fólk hefur leitað til félagsins varðandi hundategundir sem ekki eru til í landinu. Freyja segir þó að þegar tegund sé komin á bannlista sé lítið hægt að gera. Hún bendir þó á mál hundsins Rjoma, af tegundinni English bull terrier, sem MAST taldi hættulega en eigandinn hafði betur að lokum.

„Ég hef setið sem oddviti listans og gegnt stöðu fyrsta þingmanns kjördæmisins. Ég hef náð að stilla saman strengi allra þingmanna kjördæmisins til góðra verka. Ég er reiðubúinn að gera það áfram,“ segir hann við bb.is.

Hann bendir á að fari svo að hann tapi fyrir Þórdísi Kolbrúnu muni hann ekki taka sæti á listanum. „Feli flokksmenn öðrum það hlutverk er það skýr niðurstaða. Það getur ekki verið gott fyrir nýjan oddvita að hafa þann gamla í aftursætinu,“ segir hann.

ingi erlendis frá um þessar tegundir og þá sé betra að banna frekar fleiri en færri tegundir.“

Hrund Hólm, dýralæknir inn- og útflutnings hjá MAST, segir tegundamiðaðar reglur eins og gilda á Íslandi ekki óumdeildar. En á meðan heildarlöggjöf um hundahald skorti telji MAST þessa leið þá bestu í stöðunni. „Hérna skortir heildarlöggjöf um hundahald og yfirdýralæknir hefur ítrekað kallað eftir henni,“ segir Hrund.

Hvað varðar þessar þrjár tegundir segir Hrund reglugerðina aðeins



Allir hundar geta bitið. Þess vegna þarf að meta hvern og einn hund fyrir sig.



Freyja Kristinsdóttir, formaður FÁH.

staðfesta núverandi verklag MAST. „Þessar þrjár tegundir hafa ítrekað verið bannaðar undanfarið ár á þeim forsendum að þær eru mjög líkar þeim sem eru nú þegar bannaðar,“ segir hún. „Þar spilar inn í uppruni, ræktun, líkamsbygging, geðslag og notkun þessara hunda í gegnum tíðina.“

Hundarnir séu stórir og öflugir og hafi verið ræktaðir sem varðhundar, bardagahundar í dýraati eða til þess að veiða stór dýr. „Heilt yfir er mikil breidd innan tegunda, en þessir hundar hafa þannig eiginleika að það er nauðsynlegt að hafa vissa kunnáttu í allri umgengni við þá. Því ef þeir verða árasargjarnir geta þeir valdið miklu tjóni,“ segir hún.

MAST dregur þó línuna við hunda sem eru þegar í landinu. Hundar sem hafa sögu sem varðhundar eða ratað í fréttir vegna bita, svo sem Rottweiler, Dobermann og Husky, fara ekki á bannlista. Þær tegundir hafi heldur ekki oft ratað á bannlista annarra þjóða. ■

Haraldur vill aðeins vera númer eitt

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis, mun ekki taka annað sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fari svo að hann haldi ekki fyrsta sætinu. Frá þessu greindi Haraldur í samtali við Bæjarins besta í gær.

„Ég hef setið sem oddviti listans og gegnt stöðu fyrsta þingmanns kjördæmisins. Ég hef náð að stilla saman strengi allra þingmanna kjördæmisins til góðra verka. Ég er reiðubúinn að gera það áfram,“ segir hann við bb.is.

Hann bendir á að fari svo að hann tapi fyrir Þórdísi Kolbrúnu muni hann ekki taka sæti á listanum. „Feli flokksmenn öðrum það hlutverk er það skýr niðurstaða. Það getur ekki verið gott fyrir nýjan oddvita að hafa þann gamla í aftursætinu,“ segir hann.



Haraldur Benediktsson í ræðustól á Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Haraldur kom inn á þing árið 2013 eftir að hafa verið formaður Bændasamtaka Íslands.

Haraldur og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og varaformaður flokksins, bitast um oddvitasætið. Alls eru níu í framboði, fjórar konur og fimm karlar. Þrófjör flokksins fer fram í dag og á laugardag. ■

Markaðurinn er nú einnig hlaðvarp!

Nú er hægt að hlusta á þætti Markaðarins á Spotify, Google podcasts o.fl. hlaðvarpsveitum.



MARKAÐURINN – Vettvangur viðskiptalífsins



TIL HAMINGJU MEÐ 1270 MILLJÓNIR

Íslensk getspá óskar heppnasta Íslendingi síðari tíma innilega til hamingju með að hafa unnið 1.270.806.970 kr. í Vikinglotto. Við vonum að vinningshafinn og fjölskylda hans njóti góðs af þessum hvalreka, upplifi ævintýri og láti drauma rætast til lengri og skemmri tíma.

Við erum auðvitað líka sérstaklega ánægð með að nýlegar breytingar í Vikinglotto, til að auka líkur á stórum vinningum, hafi strax skilað sér til Íslands. Hver veit hvað skilar sér næst?

Tryggðu þér miða í dag fyrir kl. 16.

vikinglotto

Vinningsinn heim - í hérað





Rússneskir hundar þurfa sérstakt leyfi til ferða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Meina hundum komu til landsins

benediktboas@frettabladid.is

BANDARÍKIN Sóttvarnayfirvöld í Bandaríkjunum hafa ákveðið að banna komur hunda frá fjölmörgum löndum vegna hræðslu um að hundadæði berist til landsins. Bannið gildir frá 14. júlí og tekur meðal annars til Egyptalands, Keníu, Rússlands, Perú og Indlands. Ísland er ekki á listanum.

Hafi hundurinn ekki leyfi frá yfirvöldum verði hann sendur aftur heim á kostnað eiganda síns. Um 5.000 tilfelli af hundadæði eru skráð á ári hverju í Bandaríkjunum en flest tengjast þau leðurblökum, þvottabjörnum, skúnkum og refum. ■



Eiturlyfin voru meðal annars falin í snakkpokum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fundu fíkniefni fyrir 150 milljónir

kristinnpall@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Tollverðir á flugvelli- num í Köln í Þýskalandi gerðu upptæka fíkniefnasendingu sem innihélt tíu þúsund fræ sem hægt væri að nota til ræktunar á kannabís. Í sömu sendingu fundust 173 þúsund e-pillur. Er áætlað að hægt væri að hagnast um 150 milljónir evra á sendingunni.

E-pillurnar voru faldar innan í matvælapokum og er áætlað markaðsvirði þeirra að minnsta kosti 1,3 milljónir evra. Með tíu þúsund fræjum væri hinsvegar hægt að rækta um 14,7 tonn af maríjúana og fullyrti Jens Ahland, talsmaður tollayfirvalda í Köln, að söluvirði þess væri 147 milljónir evra. ■

Vegið að rétti hinsegin fólks í Ungverjalandi

kristinnpall@frettabladid.is

UNGVERJALAND Umdeilt lagafrumvarp flokks forsætisráðherra Ungverjalands, Viktors Orbán, um bann við öllu námsefni sem tengist LGBT og samkynhneigð var samþykkt með 157 atkvæðum í gær. Málefni- nu var bætt við lagafrumvarp um refsingar barnaniðinga. Einn þingmaður synjaði frumvarpinu en stjórnarandstaðan tók ekki þátt í atkvæðagreiðslunni í mótmælaskyni.

Orbán hefur undanfarin ár unnið að breytingum sem höggva á rétti- ndi hinseginfólks. Með nýjustu

lögnum verður refsivert að sýna einstaklingum undir átján ára aldri upplýsingar um samkynhneigð eða kynleiðréttingar.

„Þessi þróun hefur staðið yfir í þó nokkurn tíma og Orbán heldur áfram að þrengja að réttindum hinsegin fólks. Þessi lög eru keimlik þeim sem voru sett í Rússlandi árið 2013 um að það ætti að stöðva allan meintan áróður um hinsegin fólk á grundvelli barnaverndar,“ segir Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna ’78.



Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna ’78.

„Þessi lagasetning er hluti af stærri bylgju og það þarf að grípa til aðgerða sem fyrst. Þetta einskorðast ekki bara við Rússland, Ungverja- land og Pólland þar sem sambærileg umræða hefur komið upp. Í fleiri

löndum í Evrópu hefur átt sér stað veruleg aukning í niðrandi orðræðu og hatursglæpum í garð hinsegin fólks,“ segir Þorbjörg og tekur undir að þarna sé sérstaklega verið að ráðast á réttindi viðkvæms hóps.

„Með þessu er verið að kippa fótum undan réttindabaráttu hinsegin fólks og hefta aðgang að upplýsingum og stuðningi fyrir þau sem þurfa hvað mest á honum að halda, fólks á unglingsárunum. Þessi neikvæða umræða ein og sér er slæm fyrir þann hóp en nú er kominn laga- setning sem bannar alla upplýsinga- gjöf.“ ■

Nýnasistar oft sýnilegir á mótmælum

Samkvæmt nýrri skýrslu þýska innanríkisráðuneytis- ins hefur nasismi og öfga- hægristefna vaxið í landinu í faraldrinum. Þessir hópar gagnrýna sóttvarnaaðgerðir og aðrir mótmælendur skilja sig ekki frá þeim.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Nýnasistar og aðrir hægri öfgamenn eru mjög sýnilegir á mótmælum gegn sóttvarnaaðgerðum þýska stjórnvalda. Horst Seehofer, innanríkisráðherra lands- ins, lýsti þessu sem stóru vandamáli á blaðamannafundi á þriðjudag þar sem ný skýrsla var kynnt.

Seehofer sagði þessa öfgahópa margsinnis hafa „tekið yfir“ mótmæli sem auglýst voru sem friðsamleg og leyfi fengust fyrir. „Það sem veldur sérstökum áhyggjum er að aðrir mótmælendur reyna ekki að aðskilja sig frá þessum hóp,“ sagði Seehofer. „Öfgahægrimenn og aðrir mótmælendur standa hlið við hlið.“

Samkvæmt skýrslu BFV, stofnun innanríkisráðuneytisins sem fylgist með andlýðræðislegum öflum, tilheyrðu rúmlega 33 þúsund manns öfgahreyfingum á hægri kantinum árið 2020. Hafði talan hækkað um tæplega 4 prósent frá árinu áður. BFV telur þriðjung þessa hóps, rúmlega 13 þúsund manns, ofbeldisfullan.

Samkvæmt skýrslunni hafa hægri öfgamenn fundið sér fötfestu í umræðunni gegn sóttvarnaaðgerðum. „Hægri öfgamenn tóku upp umræðuna um kórónaveiruna og snerust algerlega gegn sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda,“ segir þar.

Sérstakur gaumur er gefinn hreyfingum sem kallaðar eru Nýja hægrið og tengjast margar stjórnmála- flokknum AfD. Sagði Thomas Hald-



Nýnasistar og hægri öfgamenn hafa fundið sér fötfestu í sóttvarnagagnrýni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EP



Það sem veldur sérstökum áhyggjum er að aðrir mótmælendur reyna ekki að aðskilja sig frá þessum hóp.



Horst Seehofer, innanríkisráðherra Þýskalands.

enwang, forstjóri BFV, þessa hópa bera hvað mesta ábyrgð á uppgangi öfgahægri- stefnu að undanförnu.

„Nýja hægrið setur fram hugmyndafræðilega réttlætingu á aðgerðum öfgamanna,“ sagði Hal- denwang. „Þeir predika frá morgni til kvölds um að það sé verið að skipta þýsku þjóðinni út og að það verði að streitast á móti.“

Josef Scuster, formaður aðalráðs þýska gyðinga, lýsti þeim ógnum sem gyðingar í Þýska- landi standa frammi fyrir vegna hægri öfgamanna. Ofbeldisverk hægri öfgamanna hafa ekki verið fleiri síðan árið 2015, þegar flóttamannastraumurinn var í hámarki. Lögreglan skráði 22 þúsund glæpi tengda hægri öfgamönnum árið 2020. Fordæmði Schuster AfD fyrir að kynda undir bál sem sé þegar

orðið nokkuð heitt, fyrir kosningarnar í september.

Auk fjölgunar í hópi COVID- mótmælenda og fjölgunar ofbeldisverka hafa nýnasistar og aðrir hægri öfgamenn farið að láta á sér kræla innan lögreglunnar og hersins.

Í borginni Frankfurt þurfti til að mynda að leysa upp deild sérsveitarmanna eftir að uppgötvadist að þeir væru reglulegir þátttakendur á spjallrásum hægri öfgamanna og væru farnir að heilsast að nýnasista- sið.

Samkvæmt skýrslu BFV hefur einnig orðið fjölgun í hópi kommúnista og annarra öfgavinstri- manna. Mun smærri hluti þeirra sé þó hlynntur ofbeldi. Ofbeldisverk vinstri öfgamanna voru skráð rúmlega 1.200 á síðasta ári. ■

Í LOFTINU

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

VIRKA DAGA 16:00-18:30

SÆKTU NÝJA APPIÐ!



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

KING KOIL

20-40%
AFSLÁTTUR



SELJUM ELDRI GERÐIR AF KING KOIL RÚMUM MEÐ 20 - 40% AFSLÆTTI
KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM



Nýtt sjónarspil sem bíður gosgesta á hverjum degi

Um helgina verða þrír mán-
uðir liðnir frá því að eldgos
hófst við Fagradalsfjall og
hraunflæðið um svæðið er
enn sem fyrr síbreytilegt og í
raun lítt útreiknanlegt.
Anton Brink, ljósmyndari
Fréttablaðsins, tók þessar
myndir af nýjustu stöðu mála
við eldstöðvarnar.

ELDGOS Gönguleiðin sem fjöldi
Íslendinga hefur nýtt sér til að
komast að eldgosinu í Geldingadöl-
um undanfarnar vikur er að hluta
komin undir hraun.
Þrátt fyrir það er ekkert lát á
heimsóknum fólks á gosstöðvarn-
ar eftir nýjum leiðum og hefur nú
fjölgað þeim erlendu ferðamönnum
sem koma á svæðið til að upplifa hið

ótrúlega náttúrufyrirbæri sem eld-
gosið er.
Trúlegt er að þeir ferðamenn sem
sjá gosið úr lofti í aðflugi að Kefla-
víkurflugvelli muni hugsa sér gott
til glóðarinnar að komast á gos-
stöðvarnar landveginn til frekari
skoðunar. Og heimafolk fer að gos-
stöðvunum aftur og aftur til að berja
síkvikar breytingarnar augum. ■





STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

STERKARI FRAMTÍÐ

www.steypustodin.is

Lifi næturlífið



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Fögur fyrirheit um betri tíð hafa nú ómað í nokkra mánuði. Þetta er alveg að verða búið. Nú er fátt eftir af frelsisskerðingu annað en djambbann. Einhverjum finnst það eflaust léttvæg mannréttindaskerðing og jafnvel ákjósanleg. Það er hins vegar ábyrgðarhlutverk stjórnvalda, sem þurfa að skerða grundvallarréttindi og frelsi fólks tímabundið, að draga skerðinguna til baka um leið og hún á ekki rétt á sér lengur.

Heimilt er samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu að takmarka tímabundið þau réttindi sem þar eru tryggð á tímum styrjaldar eða annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar. Slík takmörkun er aðeins heimil að því marki sem ytrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum. Þessa heimild til að takmarka mannréttindi í neyðartilvikum, ber eðli málsins samkvæmt að nota sparlega.

Ófugt við það sem margir halda eru mannréttindi verulega íþyngjandi í mannlegu samfélagi. Þau vernda rétt til athafna og framferðis sem fer mjög gjarnan í taugarnar á öðru fólki og þó einkum stjórnvöldum. Þeim er ekki sérstaklega ætlað að vernda ákjósanlega hegðun. Þau er hins vegar grundvöllur frjáls samfélags þar sem íbúar eru frjálssir til að gera það sem þeim sýnist. Það er reynsla sögunnar sem orðið hefur til þess að ákvæði um frelsi til óæskilegs athæfis og óvinsællar háttsemi hafa verið sett í stjórnskrár og mannréttindasamninga. Reynsla af kúgun yfirvalda hefur margtírekað sýnt að frelsið er farsælast.

Það kom engum á óvart að lögreglan skyldi fara að ámálga það nú, þegar 70 til 80 prósent fullorðinna hafa þegið bólusetningu og það hillir undir langþráð frelsi til mannfagnaða, að réttast væri að banna djamm eftir miðnætti varanlega vegna þess hve vel það hafi gefist. Ofbeldisbrotum í miðborginni hafi fækkað í faraldrinum, kynferðisbrotum sömuleiðis. Þó það nú væri. Lögbrotum á skemmtistöðum hlýtur að fækka ef bannað er að hafa þá opna. Það verður þó seint sagt að einhver ofbeldisfaraldur hafi gengið yfir í miðborginni áður en veiran rak alla heim af djammínu. Kynferðisbrot eiga sér oftast stað inni á heimilum fólks. Langflestir fara gegnum ævina án þess að vera nauðgað á skemmtistað og fæstir sem stunda skemmtanaliði verða fyrir líkamsárás.

Allt frá fyrstu skrefum sem tekin voru í sóttvarnaaðgerðum og samkomutakmörkunum hefur verið varað við freistnivandanum sem slíkar aðgerðir gætu skapað og að reynt yrði að nýta samhug þjóðarinnar gegn veirunni til að færa samfélagið áratugi aftur í tímann. Þessi varnaðarorð hafa þó sem betur fer gert að verkum að beiðni lögreglunnar um samtal hefur fallið í grýttan jarðveg. Ekki aðeins hafa djammarar látið í sér heyra og vertar í miðborginni, heldur hefur borgarstjóri lýst því yfir að ekki standi til að stytta opnunartíma skemmtistaða í miðborg Reykjavíkur varanlega.

Þegar við höfum jafnað okkur á síðustu fimm-tán mánuðum er sjálfsagt að taka umræðuna um skemmtanaliðið og aðrar athafnir mannlegs samfélags. Þá umræðu getum við ekki tekið öfrjáls. Samfélagsleg umræða um viðskiptafrelsi, athafnafrelsi og borgarskipulag verður ekki vitræn nema þáttakendurnir séu frjálssar manneskjur.

Afléttum fyrst öllum frelsisskerðingum, svo skulum við tala saman. ■

Halldór



Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Pfizerbelgir og Janssynir

Það eru ekki lengur stjörnu-merkin sem skapa einstaklinginn, það er bóluefnið í æðunum. Eins og Duran Duran og Wham á sínum tíma þá vilja allir að sitt bóluefni sé það besta. Nokkrir töldu sig of góða til að ganga til liðs við Janssyni og vildu bíða eftir að gerast Pfizerbelgir. Ólíkt því sem átti við um liðin í Pokémon GO þá þurfa Zenikkurnar að bíða óendanlega lengi til að komast í gang. Spútníkfólkið er þó allra harðast og ætlar að bíða með allar utanlandsferðir þangað til það fær skammtinn af hinum forboðna rússneska rúðuvökva.

Brrrr

Þeir Íslendingar sem eru hættir að metast um hvaða bóluefni er flottast ræða gjarnan veðrið. Tölur ljúga ekki og þurftu því Akureyringar að kyngja stoltinu þegar í ljós kom að það hefur ekki verið jafn kalt þar í júní frá því Óli Jó sat í Stjórnarráðinu. Veðurfræðingurinn Einar Sveinbjörnsson, best þekktur sem Einar Veðurguð, segir óvenjukalt loft yfir landinu sem minni helst á fræga norðanátt árið 1959. Eftir allt sem á undan er gengið þá er ekki útilokað að það verði fleiri Íslendingar á Tene í júlí en á Íslandi. ■

Loksins afreksstefna



Hanna Katrín
Friðriksson
þingmaður Viðreisnar.

Á síðasta degi þessa þingvetrar samþykkti Alþingi einróma þingsályktunartillögu mína um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum. Í því felst að mennta- og menningarmálaráðherra hefur verið falið af Alþingi að móta stefnuna í samvinnu við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og sveitarfélög landsins og skila af sér fyrir 1. júní 2022. Stefnan skal vera tímasett samhliða því sem tryggður verður fjárhagslegur stuðningur við afreksfólkið.

Síðastliðinn áratug hefur íslenskt afreksiþróttafólk reglulega vakið athygli á slæmri fjárhags- og réttinda-stöðu sinni. Ekki eingöngu hefur verið erfitt fyrir afreksiþróttafólk að fjármagna keppnis- og æfingaferðir, heldur hafa þeir styrkir sem hafa fengist ekki verið skilgreindir sem laun með tilheyrandi réttindum. Þessi hópur stendur því gjarnan uppi eftir að afreksiþrótttaferlinum lýkur með skuldir á bakinu og án lifeyrisréttinda, stéttarfélagsaðildar, atvinnuleysisbótaréttar, aðgengis að sjúkra- og starfsmenntasjóðum eða réttinda til fæðingarorlofs, svo að eitthvað sé nefnt.

Í afreksstefnu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands kemur fram að sambandið skuli á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við hvert sersamband en um framúrskarandi íþróttafólk sé þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum. Afreksfólk séu þeir einstaklingar eða flokkar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagrein skilgreindum af viðkomandi sersambandi.

Íslendingar hafa í gegnum tíðina átt margt afreksiþróttafólk, hvort heldur í hópíþróttum eða einstaklingsíþróttum. Afreksfólk sem hefur gert okkur stolt með frábærum árangri á alþjóðavísu auk þess að vera mikilvæg fyrirmynd fyrir börn og ungmenni. Fyrirmyndir á þessu sviði eru ómetanlegar fyrir allt forvarnastarf og fyrir uppbyggingu íþróttastarfs um allt land. Þessa þætti má telja mikilvægari en nokkru sinni fyrr þegar kannanir sýna að rúmlega 80% íslenskra barna á aldrinum 11-17 ára fá ekki næga hreyfingu á degi hverjum sem hefur ekki eingöngu áhrif á líkamsburði heldur líka þroska heilans.

Það er því ekki að undra að Alþingi vilji styðja við afreksiþróttastarf. Gledilegt íþróttasumar! ■

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Meiri vernd fyrir þolendur mansals



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
dómsmála-
ráðherra.

Mansal er gróft mannréttindabrot sem felst í að brjóta gegn friðhelgi einstaklings. Um er að ræða hrylli-lega birtingarmynd mannvonsku og grimmdar. Brotastarfsemin beinist gegn frjálsræði brotaþola og helgustu persónuréttindum í þeim tilgangi að hagnýta líkama viðkomandi, vinnukrafta eða þekk-ingu í annars þágu.

Í mars 2019 kynntu stjórnvöld áherslur í baráttunni gegn man-sali og annars konar hagnýtingu einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Áherslurnar mæla fyrir um tíu aðgerðir, en þar á meðal er kveðið á um endurskoðun löggjafar á þessu sviði. Frumvarp um breyt-ingu á ákvæði 227. gr. a. almennra hegningarlaga um mansal var lagt fram á Alþingi í febrúar sl. og sam-þykkt á Alþingi í lok síðustu viku. Lúta breytingar á ákvæðinu að refsinæmi mansals í þeim tilgangi að bæta enn frekar vernd þolenda og auðvelda málsókn á hendur gerendum. Með samþykkt frum-varpsins hefur ákvæði almennra hegningarlaga um mansal verið uppfært í samræmi við lagaþróun á Norðurlöndum og alþjóðlega sátt-mála og tryggt að íslensk stjórnvöld standi við þær skuldbindingar sem þau hafa tekist á hendur með því að fullgilda alþjóðlega samninga sem hafa það að markmiði að berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi og mansali.



Í dag opnar upp-
lýsingagátt um
mansal á vefsíðunni
www.112.is. Þar geta
þolendur leitað upp-
lýsinga um úrræði fyrir
þolendur mansals og
komist í samband við
neyðarvörð sem veitir
ráðgjöf um möguleg
úrræði og útvegar
nauðsynlega aðstoð og
þjónustu, hvort sem
það er frá lögreglu eða
öðrum.

Mansal er eitt alvarlegasta brot á mannréttindum sem fyrirfinnst. Gerandinn beitir blekkingum og þvingun til að viðhalda því ástandi að hagnýta aðra manneskju, oftast í fjárhagslegum tilgangi. Mansal er oftast en ekki líður í skipulagðri glæpastarfsemi, svo sem vændi, innflutningi og ræktun fíkniefna og annarri starfsemi á vinnu-markaðnum. Breyting á ákvæði almennra hegningarlaga eykur vernd brotaþola og liðkar fyrir því að mál er varða grun um mansal fái framgang innan réttarvörslu-kerfisins og gerendur sæti refsingu fyrir þessi alvarlegu brot, en aðeins hefur þrisvar verið ákært fyrir man-sal á Íslandi og aðeins sakfelld í einu þeirra. Ekki er unnt að horfa fram-hjá þeirri dapurlegu staðreynd að mansal þrífst á Íslandi.

Vernd þolenda mansals og aðgangur að nauðsynlegri aðstoð og þjónustu hefur aukist til muna með opnun samhæfingarmiðstöðvar um mansal í Bjarkarhlíð í júlí sl. Megin-hlutverk samhæfingarmiðstöðvar er að samræma verklag og viðbrögð

þegar grunur leikur á mansali, m.a. með því að kalla til nauðsynlega fagaðila, svo sem af vinnumarkaðn-um, lögreglu og aðra sem koma að velferðarþjónustu til þolenda man-sals. Um 15 mál hafa verið tilkynnt til samhæfingarmiðstöðvarinnar frá því hún tók til starfa.

Eitt beittasta vopnið í baráttunni gegn mansali er að geta borið kennsl á mansal og þekkja úrræðin. Í dag opnar upplýsingagátt um mansal á



Ekki er unnt að horfa fram hjá þeirri dapur-
legu staðreynd að man-
sal þrífst á Íslandi.

vefsíðunni www.112.is. Þar geta þol-endur leitað upplýsinga um úrræði fyrir þolendur mansals og komist í samband við neyðarvörð sem veitir ráðgjöf um möguleg úrræði og útveg-ar nauðsynlega aðstoð og þjónustu, hvort sem það er frá lögreglu eða öðrum. Á síðunni eru einnig upplýs-ingar fyrir almenning um einkenni mansals og hvað hægt er að gera ef grunur leikur á að einstaklingur sé þolandi mansals. Þolendur mansals

eru oft í viðkvæmri stöðu og veigra sér við að leita sér aðstoðar af ótta við afleiðingarnar. Því er það í okkar höndum að láta vita og tilkynna ef við verðum vör við eitthvað óeðli-legt í okkar umhverfi. Ég hvet því alla að kynna sér einkenni mansals á www.112.is og tilkynna, í því skyni að aðstoða þolendur að komast úr þeim hörmulegu aðstæðum sem þeir búa við og stöðva brotastarf-semi gerenda. ■

„Ég kem með
fjölskylduna“

Brandenburg | SÍA

Komdu með í ferðalag!

Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND
KOMDU
MEÐ



Anfield mun taka 61.000 í sæti.

Liverpool heimilt að stækka Anfield

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Enska fótboltafélaginu Liverpool hefur verið veitt leyfi af borgaryfirvöldum til þess að stækka Anfield um 7.000 sæti.

Eftir þær framkvæmdir getur Liverpool tekið á móti 61.000 áhorfendum á heimaleiki sína.

Borgaryfirvöld hafa ákveðið að setja 60 milljónir punda úr borgarsjóði í framkvæmdina.

Andy Hughes, framkvæmdastjóri Liverpool, segir þetta vera gríðarlegan áfanga fyrir félagið.

Auk þess að stækka stúkuna verður byggt nýtt svæði fyrir fjölskyldur til þess að koma saman fyrir leiki Liverpool og veitingaaðstaða fyrir boðsgesti.

Á fundi borgarstjórnar Liverpool-borgar var Liverpool einnig veitt heimild til þess að halda sex stóra viðburði á næstu fimm árum, annað hvort tónleika eða annars konar atburði.

Ekki var samstaða um þá ákvörðun en hópur fólks hefur áhyggjur af ágangi á Stanley Park í kringum viðburðina. Meirihluti studdi hins vegar tillöguna. ■



Stytta af knattspyrnugoðsögninni.

Var bannað að vekja Maradona

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Réttarhöld standa nú yfir í Argentínu vegna andláts þjóðhetjunnar Diego Armando Maradona sem andaðist rúmlega sextugur að aldri í nóvember á síðasta ári.

Í gær var tekinn vitnisburður af einum hjúkrunarfræðinganna sem ákærðir hafa verið fyrir manndráp af gáleysi.

Hjúkrunarfræðingurinn Ricardo Almiron var á næturvöktum sem hjúkrunarfræðingur knattspyrnugoðsagnarinnar. Almiron sagði fyrir rétti í gær að honum hafi verið uppálagt að trufla ekki nætursvefn Maradona.

Almiron er einn sjö hjúkrunarfræðinga sem sakaður er um vanrækslu í starfi í kringum andlát Maradona. Hann sagði Maradona hafa andað eðlilega og verið í fastasvefni þegar hann kannaði ástand hans nokkrum klukkustundum áður en hann lést.

Maradona fékk hjartaáfall sem varð banamein hans en hann hafði skömmu fyrir andlátíð gengist undir aðgerð vegna blóðtappa í heila.

Fyrir rétti hefur verið lagt fram álit 20 óháðra sérfræðinga þar sem fram kemur að umönnun Maradona hafi verið ábótavant. ■

Ef það klikkar í fyrstu þá reynirðu aftur



Berglind Björg Þorvaldsdóttir brenndi af í góðu færi í fyrri hálfleik en það kom ekki að sök þar sem Eyjamærin kom Íslandi yfir síðar í leiknum. Stelpurnar okkar fylgdu eftir góðum sigri á frum fyrir helgi með öðrum sigri í gær og fara þær því fullar sjálfstrausts inn í undankeppni HM í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvatning til félaga að skerpa verkferla

Einar Óli Þorvarðarson, sjúkrabjálfi hjá Val, segir að hjartaáfallið sem Christian Eriksen fékk um síðustu helgi ætti að vekja félögin á Íslandi til umhugsunar um verkferla og aðbúnað á leikjum þeirra.

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þeir sem urðu vitni að leik Danmerkur og Finnlands á Evrópumótinu í fótbolta karla á laugardaginn var voru slegnir óhug þegar Christian Eriksen, leikmaður danska liðsins, fór í hjartastopp.

Til allrar hamingju voru viðbragðsaðilar snöggir á svæðið og náðu að bjarga lífi Eriksen. Einar Óli Þorvarðarson, sjúkrabjálfi hjá Vals, segir atvikið þurfa að vekja íslensk félög til umhugsunar um að skerpa á verkferlum sínum og fara yfir hvernig bregðast skuli við í atvikum eins og þessum.

„Verkferlar eru í grunninn bara eins og við lærum úr endurlíf-unarnámskeiðum. Við metum hættuna, athugum svörun einstaklingsins, öndunarveg, öndun, puls sem og meðvitund.

Eftir að kanna þetta allt tókum við svo ákvörðun um hver séu næstu skref, endurlífgun eða hver næstu skref verða,“ segir Einar Óli um fyrstu viðbrögð.

„Við sjúkrabjálfar eigum flest að kunna þetta að mínu mati. En aðrir verkferlar eru því miður ekki mjög skýrir finnst mér á venjulegum deildarleikjum. Það eru eingöngu sjúkrabjálfar á leikjum, nær alltaf, ekki læknar, bráðaliðar og sjaldnast er sjúkrabíll á svæðinu.

Það eiga reyndar að vera stuðtæki á öllum völlum, eða í vallarhúsum vallanna. Að mínu mati má gera betur og það getur tapast mikilvægur tími í að sækja tækið ef svona atvik kemur upp.

Hjarta má ekki vera stopp nema í



Einar Óli Þorvarðarson, sjúkrabjálfi hjá Val.

örfáar mínútur ef við viljum koma í veg fyrir heilaskaða. Því tel ég að við sem erum á völlum ættum að vera með stuðtæki í sérstakri neyðar-tösku á hliðarlinunni til að spara okkur tíma, sem gæti skipt sköpum og bjargað miklu,“ segir hann.

Þarfa viðhalda þekkingunni

„Þannig verkferla ættum við að setja í gang og staðla betur að mínu mati. Svo má bæta við að við sjúkrabjálfar fáum ekki endilega þá menntum sem við þurfum í háskólanáminu okkar til að takast á við slys sem gætu gerst á völlum.

Við nemum auðvitað fyrstu hjálp og endurlífgun, en ég myndi vilja gera betur.

Að mínu mati ætti að þurfa leyfi til að starfa sem hluti af viðbragðsteymi á leikjum með KSÍ.

Ef við sjúkrabjálfar viljum standa okkur betur og vera betur í stakk búin til að takast á við svona slys sem og önnur á leikvöllum þá þurfum við að sækja fleiri námskeið á þessu sviði, oftar og með styttra millibili til að halda þekkingunni ferskri,“ segir Einar Óli.

„KSÍ var með eitt slíkt hér fyrir nokkrum árum en því miður hefur ekki orðið eftirfylgni á því sem er miður. Það var síðan annað námskeið sem kollegi minn flutti sérstaklega inn til landsins sem fjallaði um bráðahjálp á leikvelli og meðal annars endurlífgun með stuðtækjum. Það var alveg frábært að fá það. En það þarfa að vera meira af þessu að mínu mati,“ segir sjúkrabjálfarinn um atriði sem mætti bæta.

Félögin þurfa stöðugt að minna á Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að sambandið geti veitt félögunum ráðgjöf hvað skyndihjálpar varðar og aðstoð við

utanumhald reglulegra hjartaskoðana leikmanna og námskeiðahald.

Það sé hins vegar ómögulegt fyrir KSÍ að sjá um að aðbúnaður sé í lagi á öllum deildarleikjum eða hafa eftirlit með að félögin sinni sínu hlutverki eins og best verði á kosíð.

„Það kemur fram í leyfiskerfi KSÍ að félögin sem falla þar undir þurfi að hafa í sinni þjónustu lækna og sjúkrabjálfa. Þá þarf árlega að senda leikmenn í hjartaskoðun. Þar að auki er ákvæði í staðalsamningi KSÍ að til staðar hjá félögum þurfi að vera lækni og sjúkrabjálfi.

Það er ekki möguleiki fyrir KSÍ að hafa eftirlit með því að þessu sé sinnt. Þetta atvik er áminning um það hversu mikilvægt sé að fólk fari á námskeið í skyndihjálpar.

Þá er það félögunna að búa til verkferla með þeim einstaklingum sem þeir skipa í viðbragðsteymi sitt. Mikilvægt er svo að starfsmenn félögunna séu fullmeðvitaðir um það hvar hjartastuðtæki er staðsett þannig að hægt sé að komast í það eins skjótt og auðið er,“ segir Klara. ■

Fótboltaheimurinn stóð saman á laugardaginn og það bænir þegar Christian Eriksen barðist fyrir lífi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

ALLT

MIÐVIKUDAGUR 16. júní 2021

KYNNINGARBLAÐ



TARAMAR

Frítt dagkrem fylgir hverju augnkremi

www.taramar.is, Íslandsapótek,
Lyfjaver, Hagkaup
Smáranum, Kringlunni, Garðabæ, Akureyri

Járn – munnúði

Meira magn
- Miklu betra verð!



Fæst í völdum apótekum,
Hagkaup og Fjarðarkaup



Sigríður Rósa Kristjánsdóttir greindist með vanvirkan skjaldkirtil fyrir tólf árum síðan. Hún áttaði sig ekki á alvarleika málsins fyrr en hún fór til læknis, níu mánuðum eftir að einkenni byrjuðu að koma fram.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

Ætlar að vera 98 ára í ræktinni

Sigríður Rósa Kristjánsdóttir var 38 ára gömul þegar hún greindist með vanvirkan skjaldkirtil. Sigríður er fimmtug í ár og ákvað að ráðast í lífsstílsbreytingu sem hefst á átta mánaða átaki. **2**



Áfallið kom um sumarið á hennar 39. ári. „Ég fattaði ekki fyrir en níu mánuðum seinna hvað var um að vera. Ég hafði aldrei þekkt neinn sem hafði greinst með vanvirkan skjaldkirtil og þekkti því ekki einkennin. Ég byrjaði bara að þyngjast og það skipti ekki máli hvað ég æfði mikið eða borðaði hollt, ég hélt bara áfram að þyngjast. Ég var búin að þyngjast um 16 kíló á níu mánuðum og skildi ekkert hvað var í gangi,“ segir Sigríður og bætir við: „Skjaldkirtillinn hefur áhrif á brennslu líkamans. Hann stjórnar þróun efnaskiptanna, hitastigi líkamans, orkuframleiðslu og kolvetna- og fituefnaskiptum. Ef við miðum við eðlilegan einstakling sem fer í spinningtíma; til að ná sömu brennslu þá þyrfti einstaklingur með vanvirkan skjaldkirtil að fara þrisvar. Það hægist á öllu.“

Hraðar breytingar
Sigríður átti Perluna líkamsræktarstöð í Keflavík og seldi 2008. „Það sumar hóf hún störf í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þetta var sumarið áður en ég greindist og ég man að mér var alltaf kalt. Ég klæddist mörgum lögum af fötum og flispeysu þrátt fyrir að sólin skini inn um gluggana og gerði bygginguna að gróðurhúsi. Ég var líka alltaf þreytt sem var mjög undarlegt því ég var alla jafna mikil orkumanneskja. Svo var líka rosaleg bjúgmyndun. Andlit, hendur og fætur bólgnuðu út og ég þurfti númeri stærra af skóm. Þetta skall á mér fyrst. Svo kom þunglyndið. Allar þessar hröðu breytingar og aukna þyngd fóru alveg með mig. Ég vissi ekkert hvað var í gangi og loks drattaðist ég til læknis eftir níu mánuði.“

Vill koma umræðunni af stað
Það breyttist allt hjá Sigríði þegar hún fékk greiningu frá lækni. „Þetta gerðist bara allt í einu hjá mér, þetta sumar. Það var engin ástæða, ekkert áfall sem raskaði ró minni eða þannig lagað. Læknirinn vildi meina að þetta væri af völdum sjálfsofnæmis hjá mér, en fólk greinist með of- eða vanvirkan skjaldkirtil af ýmsum orsökum. Hjá sumum er þetta ættgengt og stundum greinast ung börn með þetta. Oftar er þetta hjá konum en körlum, en ég finn að það vantar meiri umræðu um þetta í samfélaginu. Jafnvel hefur loðað einhver óskiljanleg skömm við þetta. Þess vegna ákvað ég að stíga fram og segja frá minni reynslu og koma umræðunni betur af stað.“
Greiningin sjálf tók ekki langan



Sigríður segist vera að stíga rækilega út fyrir þægindarammann með því að leyfa fólki að fylgjast með átakinu. En henni finnst mikilvægt að vekja athygli á skjaldkirtlinum og auka umræðuna um vandamál tengdum honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

tíma enda sást vandinn við fyrstu blóðprufu. „Það tók þó sinn tíma að stilla mig af. Hjá sumum gengur fljótt að koma skjaldkirtlinum af stað en hjá mér fór hann bara ekki í gang. Ég var sett á lyf þegar ég greindist sem hentuðu mér ekki. Þá fór ég á önnur sem virkuðu mun betur og ég tek þau enn í dag. Ég finn enn fyrir aukaverkunum og kvillum en ég upplifði til dæmis mikið hárlos. Þá missti ég aðra augabrúnina sem er ástæða þess að ég fékk mér húðflúraðar augabrúnir. Einnig finn ég fyrir gifurlegum þurrki í húð. Kálfarnir, hendur og iljar eru eins og ég hafi aldrei séð kremdollu. Ég fékk svo heilmikla millirifjagigt en gigtar-einkenni og stíðleiki eru líka fylgifyiskur skjaldkirtilsvandamála. Eftir fjögur ár á lyfjunum var ég sett á blóðþrýstingslyf vegna blóðþrýstingsvandamála. Svona hár lyfjaskammtur hefur slæm áhrif á beinheilsu og ég þarf að taka vítamín og steinefni til að vinna gegn mögulegri beinþynningu.“

Átta mánuði út fyrir rammann
„Fyrir faraldurinn var ég í þjálfun hjá Loga Geirs og við vorum komin ansi langt. Svo kom faraldurinn og allt féll niður. Mér þótti mjög erfitt að halda dampi því mig vantaði rútinu og hvatningu til að halda mér gangandi í ræktinni. Svo bættist ofan á þetta óöryggi, hvort ég fengi Covid eða ekki. Það var líka stressandi að vita ekki hvort ég héldi vinnunni í flugstöðinni. Þetta lagðist allt saman. Í maí ákvað ég svo að gera hjá mér lífsstílsbreytingu. Ég leitaði aftur til Loga og fékk hann til að hjálpa mér í átta mánaða átaki. Þó svo ég sé starfandi einkaþjálfari sjálf þá þarf ég líka hvatningu og spark í rassinn.“

Ég ákvað líka að stíga út fyrir minn þægindaramma og fara í allan pakkann hjá Loga; fá mynda-töku, mælingar og allt. Þá hef ég ákveðið að sýna frá minni vegferð og birta myndirnar á Facebook: Hafðu heilsuna með þér. Það geri ég til að sýna öðrum að ef ég get þetta, þá geta aðrir þetta líka. Það er mikil ögrun fyrir mig að fara svona út fyrir rammann og leyfa fólki að fylgjast með en mér finnst mjög fallett hvað ég hef fengið mikið af góðum straumum frá fólkinu sem er að horfa. Mér líður líka vel að finna að ég er að hjálpa fólki. Ég leyfi fólki líka að heyrja það sem ég er að hugsa og finn að margir eru að tengja við mig þar. Þá verð ég stundum klökk af því að lesa allt það fallega sem fólk skrifar til mín. Fólk hvetur mig og vonandi hvet ég það á móti. Ég fæ líka mikið af fyrirsurnum um mataræðið og hreyfinguna sem ég svara fúslega. Svo hef ég líka getað miðlað upplýsingum um Skjöld sem er félag um skjaldkirtilssjúkdóma sem er mér dýrmætt.“

Ég er í sjokki
„Ég fæ nýtt prógramm á tveggja mánaða fresti og núna vinnum við mikið með eigin líkamsþyngd. Armþyngjur, fram- og afturstig, hnéþyngjur og hopp, uppstig og fleira. Svo geri ég líka styrktaræfingar með handlóðum og sippa. Svo var það plankinn,“ segir Sigríður. „Æfingaprógrammið fyrstu tvo mánuðina innihélt mikið af plankaaefingum og hef ég verið mjög óþolinmód með þá. Maginn hefur alltaf verið mitt erfiðasta svæði. Ég hryggbrotnaði þegar ég var 17 ára og hef alltaf þurft að passa bakið. Fyrst gat ég bara haldið stöðunni í þrjátíu sekúndur en eftir tvo mánuði er ég farin

að geta haldið plankastöðunni í tíu mínútur. Eins og ég var farin að bölvla Loga. Ég geri ýmsar styrktaræfingar í plankastöðunni og finn hvað ég er orðin mikið sterkari. Mér líður líka mun betur í líkamanum.“

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa hjá Sigríði. „Ég er algerlega í sjokki. Ég er búin að minnka um þrjú göt á beltinu síðan í maí. Ég finn og sé að mér líður miklu betur, mataræðið er léttara, ég passa svefninn, passa að halda rútinunni og á minn nammidag. Þá hef ég horft til sykurlausa sælgætisins því í raun þarf svo lítið til að drepa nammilöngunina. Svo er hentugt að margir veitingastaðir eru byrjaðir að bjóða upp á holla valkosti. Núna er ég á 16/8 mataræði sem er þannig að ég borða bara átta tíma á dag og fasta í sextán. Ég borða fyrst í hádeginu og svo er síðasta máltíðin í kvöldmatnum. Á minni lífsleið hef ég prófað alla heimsins kúra en enginn af þeim hefur verið langtímalausn. Núna fæ ég bara að fara einu sinni á vigtina í mánuði og það er fyrir mælinguna. Kílóin segja nefnilega aldrei alla söguna. Maður sér árangurinn mun betur af því að lita í spegil.“

Engar öfgar
„Ég er það mikill fikill í hreyfingu að ég hreyfi mig alla daga vikunnar og tek bara einn dag í frí. En ég er ekki í neinum öfgum. Ég verð bara að fá smá hreyfingu á hverjum degi. Þó það sé ekki nema 15 mínútna jógaþími eða hálf-tíma labb til að halda vöðvunum mjúkum. Án þess stíðnar maður bara upp í líkamanum. Mér líður rosalega vel í dag og finn að ég er mun léttari í lund. Ég er hamingju-söm og líður vel í eigin líkama. Ég elska sjálfa mig á annan hátt en áður.“

Í dag vinn ég í flugstöðinni. Þá er ég líka alltaf með annan fótinn í ræktinni að kenna, en ég kenni jóga, spinning og ég kenni líka kennurum. Mér finnst nauðsynlegt að geta miðlað minni þekkingu og reynslu og leiðbeint og hjálpað öðrum. Ég er orðin fimmtug en get engan veginn hætt að kenna. Ég horfi líka til efri árárna og mig langar að vera líkamlega og andlega hraust restina af ævinni. Það er svo margt fram undan sem mig langar til að gera og til þess þarf ég að halda heilsu. Þó svo ég sé í átta mánaða átaki núna, þá er markmiðið ekki bara að klára þessa átta mánuði. Þetta er lífsstílsbreyting hjá mér. Ég ætla mér sko að verða 98 ára gamalmenni í ræktinni,“ segir Sigríður og kimir. ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnighefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torg ehf
Ábyrgðarmaður:
Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

KVENRÉTTINDADAGURINN

Laugardaginn 19. júní gefur Fréttablaðið út sérblað tileinkað kvenréttindadeginum.

Fyrir 6 árum héldum við Íslendingar upp á 100 ára afmæli þess að konur fengu hér kosningarétt. En sökum þess að **Kvenréttindadagurinn 2021** kemur upp á afar áhugaverðum tímum í kjölfar Covid19, þá viljum við fjalla um frábærar íslenskar konur, hvað þær eru að gera í sínum störfum og í sínu lífi á þessum dæmalausum tímum.

Einnig viljum við heyrja í fyrirtækjum sem eru með konur í framvarðarsveit sinni.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jóhann Waage, Markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656



MARKAÐURINN

MÍÐVIKUDAGUR 16. JÚNÍ 2021 24. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

- Keyptu fimmtung af bréfum TM í Stodum**

2 Stærstu kaupendurnir að 4,5 milljarða hlut TM voru Magnús Ármann og Þorsteinn M. Jónsson. Eigandi ÞG Verks kemur nýr í hluthafahóp Stoda.
- Þjóðarsjóður Kúveit kaupir í Arion**

2 Þjóðarsjóður Kúveit, einn stærsti fjárfestingasjóður í ríkiseigu í heiminum, hefur keypt hlut í bankanum sem er í dag metinn á yfir 300 milljónir.
- Verðmetur Play á 21 milljarð**

2 Samkvæmt nýju verðmati Jak-obsson Capital er flugfélagið metið á yfir 20 milljarða. Verðmatsgengið er allt að 72 prósentum hærra en í væntanlegu útboði Play.
- Stjórnvöld stígi inn í**

6 Meðal hagsmunaaðila í landbúnaðinum virðist eindregin samstaða um að það skuli þína íslenskan iðnað til að kaupa aðföng á ósamkeppnisfæru verði, segir framkvæmdastjóri FA.
- Hvalur leysir út hluthafa**

8 Á hluthafafundi fjárfestingafélagsins Hvals var tekin sú ákvörðun að lækka hlutafé félagsins með greiðslu til ákveðinna hluthafa að fjárhæð 2,3 milljarðar króna.

Byggðí verslunarrisa á Norðurlöndum

Hermann Haraldsson, forstjóri netverslunarinnar Boozt.com, tók þátt í að stofna fyrir-tækið fyrir ellefu árum. Nú er markaðsvirði þess tólf milljarðar sænskra króna, jafnvirði 174 milljarða íslenskra króna. **Sjá síðu 4**



MYND/ADSEND

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

OAKLEY hlaupa- og hjólaglæraugu.

* hlaupari Hlynur Andrússon * Oakley Sutro Lite

Opticalstudio.is Sími : 511 - 5800



Verðmetur Play á 55% hærra verði en í útboði

helgivifill@frettabladid.is

Jakobsson Capital verðmetur Play á 31 krónu á hlut sem þýðir að virði lág-gjaldaflugfélagsins sé 21 milljarður króna. Verðmatið er 55 til 72 prósentum hærra en útboðsgengið sem er 18 til 20 krónur á hlut. Í verðmatinu er gert ráð fyrir hægari tekjuvexti en stjórnendur Play gera í sínum áætlunum. Bent er á að mörg flugfélög hafi orðið að auka við skuldsetningu sína til að lifa af COVID-19 heimsfaraldurinn. Til að standa straum af lántökum gætu þau orðið að hækka verð. Play hefji hins vegar starfsemi með hreint borð.

Play stefnir á að selja 32 prósentu hlut í félaginu og afla 33-36 milljóna Bandaríkjadala, jafnvirði 4 til 4,4 milljarða króna, dagana 24. og 25. júní í aðdraganda skráningar á First North-hliðarmarkað Kauphallarinnar.

Ef miðað er við áætlanir stjórnenda Play, sem eru nokkuð brattar að sögn höfundar verðmatsins en þeir reikna með hraðari tekjuvexti en hjá WOW air, væri verðmatsgengið 52,3 krónur á hlut. Í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, segir að samanburður við vöxt WOW air á upphafsárunum sé ekki fyllilega sanngjarn enda sé landið orðið mun vinsælli áfangastaður fyrir ferðamenn en þegar WOW air hóf starfsemi. Því verði vöxtur Play hraðari en WOW air.

Í fjárfestakynningu Play kemur fram að gert sé ráð fyrir að rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT-hlutfall) félagsins verði 10,3 prósent til 13,9 prósent á árunum 2023-2025. Jakobsson Capital þykir það metnaðarfullt. „Til samanburðar hefur Icelandair aðeins einu sinni náð um og yfir 10 prósent EBIT frá árinu 2012 og WOW einnig,“ segir í verðmatinu.



Birgir Jónsson, forstjóri Play.

„Til þess að ná þessu EBIT-hlutfalli þarf allt að ganga upp hjá félaginu, ferðaðþjónustan að taka hratt við sér, samkeppnin ekki úr hófi, olíuverð stöðugt sem og íslenska krónan. Þá eru einnig ýmsir óvæntir kostnaðarþættir og flækjustig sem koma í ljós þegar félagið vex hratt í að vera með flota sem telur um helming af stærð Icelandair í dag,“ segir Jakobsson Capital.

Í verðmatinu eru taldir upp nokkrir þættir sem muni að líkindum halda aftur af rekstrarhagnaðarhlutfalli og tekjuvexti hjá Play: samkeppni muni þrýsta verði niður, vaxandi launaþrýstingur, styrking krónu, hækkan leiguverðs flugvéla og hærra verð á þotueldsneyti.

Greinandi Jakobsson Capital segir að þrátt fyrir gagnrýni frá verkalyðsförystunni um að launakjör Play séu forkastanleg hafi verið ásókn í störf hjá lág-gjaldaflugfélaginu. Ekkert bendi til þess að félagið sé að snúða starfsmenn, eins og segir í verðmatinu. Hvernig samið hafi verið við starfsmenn veiti Play samkeppnisforskot miðað við innlenda keppinauta. Að sama skapi hefur nokkur fjöldi fólks þegar hlotið þjálfun á þær flugvélar sem Play hyggst nota sem spari þjálfunarkostnað.

„Félagið er með starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði en sá vinnumarkaður getur fljótt farið í þenslu eins og dæmin sýna,“ segir í verðmati Jakobsson Capital. ■

Magnús og Þorsteinn keyptu af TM í Stoðum fyrir milljarð

Stærstu kaupendurnir að 4,5 milljarða króna hlut TM í fjárfestingafélaginu voru Magnús Ármann og Þorsteinn M. Jónsson. Eigandi verktaka-fyrirtækisins ÞG Verks kemur nýr inn í hluthafahóp Stoða eftir að hafa keypt bréf fyrir um 600 milljónir króna.

hordur@frettabladid.is

Félag í eigu fjárfestanna Magnúsar Ármanns og Þorsteins M. Jónssonar var stærsti einstaki kaupandinn að um 12 prósentu eignarhlut TM í fjárfestingafélaginu Stoðum, en allur hlutur tryggingafélagsins, dótturfélags Kviku banka, var seldur fyrir 4,5 milljarða króna í lok síðasta mánaðar.

Samkvæmt nýjum hluthafalista Stoða, sem Markaðurinn hefur undir höndum, keypti nýlega stofnað eignarhaldsfélag í eigu þeirra Magnúsar og Þorsteins, M&M Capital, meira en fimmtung bréfanna af TM og er í dag fjórði stærsti hluthafi Stoða með 2,79 prósentu hlut. Kaupverðið nam um einum milljarði króna.

Á meðal annarra félaga sem hafa bæst við hluthafahóp Stoða, sem er eitt umsvifamesta fjárfestingafélag landsins og á meðal stærstu hluthafa í Arion, Kviku, Símanum og Play, er Arcus Invest en það er í eigu Þorvaldar H. Gissurarsonar, forstjóra og eigenda ÞG Verks. Keypti Arcus Invest fyrir rúmlega 600 milljónir króna í Stoðum og fer í dag með 1,77 prósentu hlut sem gerir félagið að áttunda stærsta hluthafanum.

Þá jók félagið Mótás, sem er í eigu Bergþórs Jónssonar og Fritz Hendriks Berndsen, verulega við eignarhlut sinn í Stoðum þegar TM seldi allan hlut sinn og keypti fyrir jafnvirði tæplega 700 milljónir króna. Mótás, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Stoða í árslok 2020 þegar Landsbankinn seldi allan tólf prósentu hlut sinn í fjárfestingafélaginu, er nú þriðji stærsti hluthafinn með um 5,9 prósentu hlut.

Félög í eigu þeirra Magnúsar og Þorsteins eru fyrir á meðal hóps fjárfesta sem standa að baki eignarhaldsfélaginu S121, stærsta einstaka eigenda Stoða með 56 prósentu hlut, en aðrir eru meðal annars Einar Örn Ólafsson, stjórnarformaður Play, og Örvar Kjærnested, fyrrverandi stjórnarmaður í TM. Þá fer Magnús, sem var á sínum tíma hluthafi og stjórnarmaður í FL Group, einnig með rúmlega eins prósentu hlut í



Jón Sigurðsson, forstjóri og stjórnarmaður í Stoðum.

MYND/ADSEND

35

Markaðsvirði eignarhluta Stoða í Arion, Kviku og Símanum er í dag um 35 milljarðar.

Stoðum í gegnum félagið GGH. Þorsteinn var á árum áður aðaleigandi Vífilfells á Íslandi auk þess sem hann hefur setið í stjórnnum Glitnis, FL Group og Refresco.

Auk félaganna M&M Capital, Arcus Invest og Mótáss, sem keyptu samanlagt meira en helming þeirra bréfa sem TM seldi fyrir þremur vikum síðan, þá keyptu Stoðir samtímis einnig nokkuð af sínum eigin bréfum. Eignarhlutur Stoða í sjálfum sér nemur nú um 9,7 prósentum en í ársbyrjun nam hann um 6,1 prósentu. Sú aukning sem hefur orðið síðan þá kemur hins vegar ekki aðeins til vegna bréfa sem fjárfestingafélagið keypti af TM, samkvæmt heimildum Markaðarins, heldur einnig af öðrum – og minni hluthöfum – það sem áfer ári, meðal annars Lífeyrissjóði Vestmannaeyja sem hefur selt megnið af sínum bréfum en sjóðurinn átti 1 prósent hlut í árslok 2020.

Á meðal sumra af eldri hluthöfum

Stoða sem komu að kaupum á hlut TM með því að auka lítilliga við hlut sinn má nefna félagið Vindhamar, sem er í eigu Kára Þórs Hallgrímssonar, stjórnanda á skuldabréfasviði fjárfestingabankans JP Morgan í London, en það fer nú með tæplega 2,6 prósentu hlut. Þá bættu félögin Dexter Fjárfestingar og Fari, sem eru í eigu bræðranna Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasonar, jafnan kenndir við IKEA, við hlut sinn og auk þess eignarhaldsfélagið Helgafell, sem er í jafnri eigu Ara Fenger, Bjargar Fenger og Kristínar Vermundsdóttur. Sá sem stýrir fjárfestingum Helgafells er Jón Sigurðsson, forstjóri og stjórnarmaður Stoða, en hann er eiginmaður Bjargar.

Næst stærsti hluthafi Stoða, á eftir S121, er sjóðastýringarfélagið Stefnir með um 11 prósentu hlut. Aðrir helstu eigendur Stoða eru meðal annars Íslandsbanki, Strahan III Limited, sem er í eigu breska fjárfestisins Malcolms Walker og var í hópi þeirra sem komu að kaupum á hlut Landsbankans í Stoðum í árslok 2020, og félagið Nataaqaq Fisheries.

Hagnaður Stoða í fyrra næstum tvöfaldaðist á milli ára og var um 7,56 milljarðar. Í lok fyrsta ársfjórðungs námu eignir félagsins, sem er skuldlaust, um 39 milljörðum króna. Eignarhlutir Stoða í skráðum félögum – Kviku, Arion og Símanum – eru í dag metnar á um 35 milljarða króna en hlutabréfaverð þessara félaga hefur hækkað á bilinu 31 til 56 prósent frá áramótum. ■

Þjóðarsjóður Kúveit fjárfestir í Arion

hordur@frettabladid.is

Þjóðarsjóður Kúveit, einn stærsti fjárfestingasjóður í ríkiseigu í heiminum, hefur á allra síðustu vikum bæst við hluthafahóp Arion banka. Eignarhlutur sjóðsins í dag, samkvæmt lista yfir alla hluthafa sem Markaðurinn hefur séð, nemur um 2,25 milljónum hluta að nafnvirði en miðað við gengi bréfa bankans er markaðsvirði hans rúmlega 330 milljónir króna. Það jafngildir um 0,15 prósentu hlut í Arion.

Þjóðarsjóði Kúveit (e. Kuwait Investment Authority) var komið á fót árið 1953 og er hann sá elsti sinnar tegundar sem er starfræktur í heiminum. Eignir sjóðsins nema samtals á sjötta hundrad milljarða Bandaríkjadala, sem jafngildir meira en tuttugufaldri landsframleiðslu Íslands.



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.

Fjölmargir erlendir vísitölusjóðir, sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga á vaxtamörkuðum (e. frontier markets), hafa komið nýir inn í eignum Arion banka eftir að Ísland var formlega tekið inn í vaxtamarkaðsvísitölu MSCI undir lok síðasta mánaðar.

Á meðal þeirra eru sjóðir eins stærsta eignastýringarfyrirtækis heimsins, Franklin Templeton, en þeir eiga orðið samanlagt um 3,4 milljónir hluta að nafnvirði, sem

metinn er á um 500 milljónir króna á núverandi markaðsgengi. Aðrir erlendir vísitölusjóðir, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um, sem hafa einkum verið að kaupa í Arion banka á undanförunum dögum og vikum eru sjóðir í stýringu Acadian Asset Management, Northern Trust, Legal & General og FundPartner Solutions.

Áætla má að slíkir erlendir sjóðir hafi fjárfest í Arion fyrir á þriðja milljarð króna frá því í lok maí-mánaðar. Mikíð fjármagn fylgir vísitölum MSCI en nokkur fjöldi af sjóðum fjárfestir í samræmi við vísitöluna eða hefur hana sem viðmið.

Hlutabréfaverð Arion, sem stóð í 148,5 krónum á hlut við lok markaða í gær, hefur hækkað um 56 prósent frá áramótum og nemur markaðsvirði bankans um 247 milljörðum. ■

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR




Góð þjónusta fyrir þitt fyrirtæki

Það hefur aldrei verið auðveldara að koma í viðskipti til Íslandsbanka. Með nýrri fyrirtækjalausn á islandsbanki.is geta fyrirtæki á einfaldan og fljótlegan hátt sótt sér allar helstu þjónustur með nokkrum smellum.

- Stofnað reikninga
- Fyrirtækjaapp
- Pantað kreditkort
- Stofnað netbanka
- Innheimtuþjónusta
- Rafrænir reikningar

Góð þjónusta breytir öllu



Hermann Haraldsson var sendur í heimavistarskóla til Danmerkur þegar hann var 14 ára því hann var ódæll. Nú rekur hann stærstu netverslun Norðurlandanna sem metin er á 174 milljarða króna.

Hermann Haraldsson, forstjóri netverslunarinnar Boozt.com, tók þátt í að stofna fyrirtækið fyrir ellefu árum. Nú er markaðsvirði þess tólf milljarðar sænskra króna, jafnvirði 174 milljarða íslenskra króna.

„Boozt.com er stærsta netverslun Norðurlandanna,“ segir hann og lýsir henni sem stórverslun (e. department store) sem selji margvíslegar vörur eins og tiskufatnað, íþróttaföt og heimilisbúnað.

Hermann segir að horft sé til þess að veltan verði 5,5 milljarðar sænskra króna í ár, jafnvirði 80 milljarða íslenskra króna, sem yrði um 25 prósentu vöxtur á milli ára, og að tekjur verði tíu milljarðar sænskra króna, jafnvirði 145 milljarða, eftir þrjú til fjögur ár.

Boozt, sem rekið hefur verið með hagnaði frá árinu 2016, hagnaðist um 132,8 milljónir sænskra króna í fyrra eða um 1,9 milljarða króna. Arðsemi eiginfjár var ellefu prósent árið 2020 en fyrirtækið er ekki með vaxtaberandi skuldir.

Netverslunin hóf að selja til Íslands fyrir tveimur vikum. „Þetta er mesta vöruúrval sem til er á Íslandi,“ segir hann en sendingarkostnaður til Íslands er 1.500 krónur.

Hvernig kom það til að þú stofnaðir Boozt.com ásamt fleirum?

„Stjórnendur vísisjóðs komu að máli við mig. Þeir höfðu fjárfest í fyrirtæki sem komið var í ógöngur. Viðskiptamódelið snerist um að annast rekstur netverslana fyrir aðra en það útvistaði helstu verkefnum til annarra landa. Mér þótti verkefnið spennandi og tók starfið að mér og fékk hlut í fyrirtækinu. Á þeim tíma störfuðu fimm hjá hugbúnaðarfyrirtækinu. Ég sá fljótt að rekstrarmódelið gekk ekki. Þess vegna var ákveðið að hreinsa til og fara af stað með nýtt viðskiptamódel.

Ég hringdi í gamla vini og félagar og spurði hvort þeir vildu taka þátt í ferðalaginu. Enginn af okkur hafði unnið í fatabransanum áður. Ég hafði stýrt markaðsfyrirtæki og fékk til liðs við mig tvo aðra úr auglýsingageiranum, gamlan skólafélaga sem var sjóaður í að stýra aðfangakæðjum og öflugan tæknimann. Því næst lá leiðin í Magasin Du Nord. Við hermdum í raun eftir versluninni nema vörurnar voru boðnar til sölu á netinu.

Þegar Jón Björnsson hætti sem forstjóri Magasin Du Nord við upphaf árs 2012 bað ég hann um að ganga í stjórn Boozt.com sem hann þáði. Ég sagði við hann að með þeim hætti gæti hann haldið tengslum við danskt viðskiptalíf og að hann myndi hafa gaman af ferðalaginu. Á þeim tíma störfuðu um 40 manns hjá fyrirtækinu,“ segir Hermann.

Jón er forstjóri Origo og var áður forstjóri Festar sem þá rak meðal annars Krónuna og Elko áður en fyrirtækin sameinuðust N1.

„Aðkoma Jóns að rekstrinum skipti sköpum. Hann var sá eini af okkur sem kunní á fatabransann. Við hinir höfðum aldrei unnið við þetta áður og því var reynsla Jóns afar dýrmæt. Hann benti okkur líka á besta starfsfólkið hjá Magasin Du Nord og ráðlagði okkur að ráða það til Boozt,“ segir Hermann.

Hann segir að reksturinn hafi verið erfiður fyrstu árin eða til ársins 2015. „Ég lagði allt mitt undir í reksturinn. Veðsetti allt. Í hvert skipti sem ég var að safna hlutfé fyrir Boozt spurðu fjárfestarnir hve mikið ég myndi leggja af mörkum. Þannig ég varð að leita leiða til að taka þátt.

Það komu tímabil þar sem tví-sýnt var með framhaldið. Ég sá oft eftir því að hafa hafið þetta ferðalag á fyrstu fjórum árunum. Ég upplýsti eiginkonu mína um að ég gæti tapað



„Fyrir okkur skiptir sköpum að vaxa hratt því stærðarhagkvæmni gerir það að verkum að við getum boðið viðskiptavinum betra verð, lækkað sendingarkostnað og skilað hagnaði á sama tíma,“ segir Hermann Haraldsson, forstjóri Boozt en fyrirtækið hefur vaxið hratt á ellefu árum. MYND/ADSEND

Lagði allt undir í netverslunarrekstur og uppskar vel



Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill
@frettabladid.is

öllum peningum okkar á fyrirtækinu. Hún sagði að það væri í lagi svo lengi sem við héldum húsinu. En í rauninni var ég búinn að veðsetja húsið. Hefði fyrirtækið farið á hausinn hefðum við misst það en hún vissi það ekki þá.

Árið 2015 fengum við tvo nokkuð stóra fjárfesta og þá var ljóst að fyrirtækið myndi lifa. Það var bara spurning hve Boozt yrði stórt. Ári síðar vildu tveir vísisjóðir selja hlut sinn í fyrirtækinu og þá var ákveðið að skrá fyrirtækið í sænsku kauphöllina. Boozt var fleytt á markað árið 2017.

Ég seldi hluta af eign minni til að greiða skuldir. Þá sagði eiginkona mín: „Ég vissi ekki að skuldirnar væri svona miklar.“

Ég svaraði að bragði: „Nei, það var eins gott að það var bara annað okkar sem svaf ekki á nóttunni af fjárhagsáhyggjum.“

Það er nú bara þannig að það þarf að leggja mikið undir í fyrirtækjarekstri. Sem betur fer fór þetta allt vel að lokum. Við skráningu Boozt á markað urðu 20 manns vel staðir. Það er góð tilfinning að hugsa til þess. Ég sagði við folkið sem ég fékk með mér í hluthafahóp Boozt: „Þetta er áhættusamt en getur orðið verulega stórt.“

Hvað áttirðu stóran hlut fyrir skráninguna á hlutabréfamarkað?

„Ég átti tvö til þrjú prósent. Ég á enn ágætis hlut, rúmlega eitt prósent. Þegar allt er talið, með kaupréttum, á ég um milljón hlutabréf í Boozt.“ Markaðsvirði um eitt prósent hlutar í Boozt er tæplega tveir milljarðar íslenskra króna. Markaðsvirði milljón hluta er 2,7 milljarðar króna.

Sóttu þið mikið fé þegar félagið var skráð á markað?

„Í rauninni ekki. Við sóttum 400 milljónir sænskra [jafnvirði 5,8 milljarða íslenskra króna á dag,

Verður forstjóri á meðan Boozt vex hratt

„Ég verð forstjóri Boozt á meðan fyrirtækið er enn að vaxa hratt,“ segir Hermann. „Þegar hægir á vextinum mun ég láta af störfum. Það sem mér þykir skemmtilegast er að taka þátt í vexti fyrirtækja. Ég býst við halda áfram í um það bil fimm ár til viðbótar. Ég sé samt ekki fyrir mér að sinna eingöngu stjórnarstörfum í framtíðinni eins og margir gera. Ég á erfitt með að skipta mér ekki af daglegum rekstri.“

innsk. blm.]. Það er ekki mikill peningur í þessu samhengi enda var tilgangur með skráningunni ekki að afla aukins hlutafjár heldur gefa hluthöfum færi á að losa um hlut sinn. Í nóvember í fyrra fórum við líka í dönsku kauphöllina. Við erum með tvíhliða skráningu og því er hægt að kaupa hlutabréf á báðum mörkuðum. Hluthafar Boozt koma víða að, til dæmis Bandaríkjunum, Englandi, Frakklandi og Þýskalandi.“

Hvenær komst reksturinn á gott ról?

„Við byrjuðum að skila hagnaði árið 2016. Þegar Boozt var fleytt á markað var mikið í umræðunni að til að hægt væri að skrá fyrirtæki í kauphöll yrði þau að skila hagnaði. Þess þarf ekki núna.

Við erum það félag í okkar geira sem er í hvað mestum vexti og skilar jafnframt mestum hagnaði. Í fyrra uxum við um tæplega 30 prósent og EBIT-hlutfallið var 6,7 prósent. Enginn annar státar af slíku.“ EBIT stendur fyrir hagnað fyrir fjármagnsliði og skatta.

Velta bresku netverslunarinnar Asos, sem nýtur vinsælda hér á landi, jókst um 19 prósent í fyrra og 13 prósent árið áður og velta hins þýska Zalando jókst um 23 prósent í fyrra og 20 prósent árið áður. EBIT-hlutfall Zalando var 4,6 prósent í fyrra en 4,3 prósent hjá Asos þegar er horft er fram hjá einskiptisliðum.

Af fyrirtækjunum þremur hefur markaðsvirði Boozt aukist mest á einu ári eða um 172 prósent, Zalando hefur hækkað um 51 prósent á sama tíma og Asos um 43 prósent.

Hver er lykillinn að góðu gengi í rekstri Boozt?

„Fyrir okkur skiptir sköpum að vaxa hratt því stærðarhagkvæmni gerir það að verkum að við getum boðið viðskiptavinum betra verð, lækkað sendingarkostnað og skilað hagnaði á sama tíma.

Við einbeitung okkur að því að selja til Norðurlandanna en 95 prósent af veltunni kemur þaðan. Um 65 prósent teknanna má rekja til noræna vörumerkja. Vörumerkin sem við bjóðum upp á flokkast sem meðaldýr og dýr (e. mid-market to premium). Það gerir það að verkum að salan í hverri körfu hjá okkar skilar fleiri krónum í kassann en hjá flestum öðrum.

Fyrir fjórum árum hófum við að bjóða upp á útsölumarkað (e. outlet) undir nafninu Boozlet. Við höfðum því til þeirra sem vilja kaupa eldri tískulínur með miklum afslætti og þeirra sem vilja kaupa nýja hönnun á hagstæðu verði.“

Hvernig hagið þið lagermálum?

„Við reukum stærsta róbotalager á Norðurlöndum en þeir eru 500 talsins. Lagerinn er 70 þúsund fermetrar eða álíka og sjö fótboltavellir. Þar hýsum við sjö milljónir vara. Róbotarnir gera það að verkum að við getum staflað vörunum betur. Ef þeirra nyti ekki við yrði lagerinn að vera 400 til 500 þúsund fermetrar. Róbotarnir vinna vinnu sem margir hafa ekki áhuga á að sinna. Eins eru þeir fljótari og hagkvæmari. Þeir gera það að verkum að flestir viðskiptavinir fá vöruna afhenta daginn eftir að hún er pöntuð. Það tekur tvo til þrjá daga að fá vöruna senda til Íslands.

Sonur minn vann tvö sumur við það að tina vörur á vagna áður en róbotarnir komu til sögunnar. Hann gekk um 20 kílómetra á dag. Auk róbotanna vinna 500 manns á

Árið 2015 fengum við tvo nokkuð stóra fjárfesta og þá var ljóst að fyrirtækið myndi lifa.

Voru hungruð og ágeng

„Það er hættulegt halda að maður sé heimsmeistari á sínu sviði eftir að hafa notið velgengni,“ segir Hermann. „Það þekkjum við úr heimi íþróttar og viðskipta. Ég hef rekstur Fálkans oft bak við eyrað sem víti til varnaðar. Langafi minn stofnaði fyrirtækið sem varð um-svifamikið á Íslandi. Afi minn tók við keflinu en kynslóð föður míns glutraði niður rekstrinum. Það þarf alltaf að sinna fyrirtækjarekstri. Sama hversu vel gengur í dag þá er alltaf nýr leikur á morgun og allt snýst um að vinna þann leik – það er ekkert gefið, jafnvel þótt vel gangi um skeið.

Að sjálfsögðu er gaman að það gangi vel en mitt hlutverk er að gæta þess að við sláum ekki slöku við. Við erum að keppa við stór alþjóðleg fyrirtæki. Við komumst á þann stað sem við erum á vegna þess að við vorum hungruð og ágeng. Það hugarfar skiptir öllu.

Ég lít á mig sem gamaldags vélstjóra með smurdós að smyrja hjólin nema hvað ég er að ýta við fólk.“

lagernum og um 500 manns á skrifstofum.“

Hvernig stendur á því að höfuðstöðvarnar eru í Svíþjóð þegar þú hefur búið í Danmörku í áratugi?

„Fyrir einskæra tilviljun var Boozt staðsett þar þegar ég kom að því. Hluthafarnir voru danskir og við skoðuðum það að flytja reksturinn til Danmerkur. Við komumst hins vegar að þeirri niðurstöðu að Malmö væri góður staður til að reka Boozt. Á þeim tíma stóð Svíþjóð framar í tæknimálum en Danmörk og við fengum mikið af hæfileikaríku fólki sem lært hafði í Lundi til liðs við okkur.

Þannig er mál með vexti að Svíar taka útlendingum opnum örmum og leyfa þeim að afla sér menntunar. Útlendingar eignast oft sænskan maka og vilja því vera til fram-búðar í landinu. Nema hvað Svíar vilja í raun ekki vinna með útlendingum nema þeir tali góða sænsku. Við sáum tækifæri í að ráða öflugt starfsfólk úr þeim hópi og því er vinnutungumálið hjá okkur enska.

Okkur hefur auðnast að fá framúrskarandi starfsfólk frá 36 löndum til liðs við okkur. Hugfar starfsmanna er: „Það er allt hægt.“ Oft vita sérfræðingar í tilteknum geira hvað hefur ekki gengið í fortíðinni og segja því strax að það sé ekki hægt. Í menningunni okkar er lagt upp með að segja einfaldlega: „Af hverju ekki?! Við getum það.“

Það tekur mig um 50-60 mínútur að keyra í vinnuna frá heimili mínu í Danmörku. Ef skrifstofan væri í miðborg Kaupmannahafnar hefði ferðalagið í vinnuna tekið jafn langan tíma þannig að þessi akstur skipti mig ekki máli. Það eru um 60-80 Danir hjá Boozt sem gera slíkt hið sama á hverjum degi.“

Fyrirtækið hefur verið að vaxa að meðaltali um þriðjung á ári á síðustu fjórum árum. Mun vöxturinn halda áfram?

„Vöxturinn mun halda áfram. Veltan var 4,4 milljarðar sænskra í fyrra og við horfum til að hún verði tíu milljarðar eftir þrjú til fjögur ár. Verslun er í æ ríkari mæli að færast yfir á netið. Á Norðurlöndum er 30 prósent af veltunni á netinu en 70 prósent í hefðbundnum verslunum. COVID-19 hefur flýtt þessari þróun þar sem fólk var fyrst þvingað til að versla á netinu en nú er það komið upp í vana.“


Hvernig kom það til að þú býrð í Danmörku?

„Móðir mín sendi mig í heima-



▮ Tekjur Boozt í milljörðum króna

Heimild: Ársskýrslur Boozt.



Tekjurnar voru umreiknaðar úr sænskum krónum yfir í íslenskar miðað við gengið í gær. *Spá Boozt

vistarskóla í Danmörku þegar ég var 14 ára. Ég bjó á Akureyri með fjölskyldunni en mömmu þótti ég ódæll. Frænka mömmu var gift skólastjóra heimavistarskólans. Hann hvatti hana til að senda mig til sín í eitt ár. Þar átti ég að læra aga og snúa heim eftir eitt skólaár. Hringt var í mig í maí eftir fyrsta skólaveturinn og spurt hvort ég vildi ekki koma heim. Danmörk er besti staður í heimi á sumrin og því langaði mig að vera eitt ár í viðbót. Sama símtal fékk ég ár eftir ár í nokkur ár. Ég sagðist alltaf ætla að vera eitt ár í viðbót því mér leið svo vel í Danmörku.

Þegar menntaskólinn var að baki sótti ég um nám í lögfræði við Háskóla Íslands og komst inn en ákvað fremur að nema viðskiptafræði við Copenhagen Business School (CBS), eins og ég sagði, hér liður mér vel. Ég ætlaði um tíma alltaf að flytja heim en svo giftist ég danskri konu og eignaðist börn. Ég hef því búið í Danmörku frá árinu 1980 eða 41 ár. Öll ættin mín býr á Íslandi. Ég er sá eini sem býr hér,“ segir Hermann.

Eftir að hafa lokið meistaraþrófi frá CBS hóf hann störf hjá litlu birtingahúsi. „Ég var í fyrstu sérhæfður í að kaupa sjónvarpsauglýsingar en eftir fáein ár var ég beðinn um að taka við sem forstjóri. Fyrirtækið óx hratt og varð stærsta birtingahús Danmerkur. Árið 2001 seldum við fyrirtækið til Omnicom Media Group, stærstu auglýsingasamsteypu í heimi. Þeir báðu mig um að byggja upp starfsemina á Norðurlöndunum og úr varð að við keyptum fyrirtæki í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Þegar ég var fertugur hafði ég þénað sæmilega á að selja fyrirtækið og ákvað að hætta. Ég hafði verið í bransanum í 14 ár og

stóð á þeim tímamótum að vera annað hvort alla ævi í sama bransa eða færi að gera eitthvað allt annað.

Í kjölfarið ákvað ég að kaupa auglýsingastofu ásamt nokkrum félögum og stýrði henni í tvö ár en fannst það hundleiðinlegt.“

Afhverju var það leiðinlegt?

„Ég er mikið fyrir tölur og staðreyndir en auglýsingastofur byggja mikið á tilfinningu.

Á þeim tíma var mér boðið að verða forstjóri uppáhaldsknattspyrnuliðsins míns, Brøndby í Kaupmannahöfn. Á Norðurlöndunum er Brøndby eitt stærsta vörumerkið í íþróttum og er skráð í kauphöll. Mamma var hjá mér þegar mér var boðið starfið. Hún sagði við mig: „Þetta er það sem þig hefur dreymt um alla ævi, að verða sigurvegari í fótbolta.“ Þannig að ég ákvað að slá til. Við unnum einmitt titilinn í dönsku deildinni á dögnum.

Blessunarlega, verð ég að segja, var mér sagt upp störfum eftir 16 mánuði í starfi. Við stjórnarformaðurinn höfðum ólíkar hugmyndir um hvert stefna skyldi. Eftir það hefur mér þrisvar verið boðið að koma aftur og nú sit ég í stjórn Brøndby og Boozt er aðaluglýsandi liðsins.

Við tók erfiður tími. Það var í öllum blöðunum að ég hefði verið rekinn. Margir spurðu hver mín næstu skref yrðu. Ég ákvað að fara til Nepal í göngu upp á Mount Everest til að gefa mér rými til að hugsa minn gang. Þegar ég sneri til baka vissi ég að ég vildi stýra litlu fyrirtæki, helst í tækni, sem ég gæti átt ágætan hlut í. Ef fyrirtækið yrði verðmætt myndi ég njóta ávaxta-anna.

Skömmu síðar leitaði stjórnandi vísisjóðs til mín og spurði hvort ég vildi taka við Boozt. Ég sé ekki eftir því.“ ■

„Við rekum stærsta róbotalager á Norðurlöndum en þeir eru 500 talsins. Lagerinn er 70 þúsund fermetrar eða álíka og sjö fótboltavellir,“ segir Hermann. „Ef þeirra nyti ekki við yrði lagerinn að vera 400 til 500 þúsund fermetrar.“

MYND/ADSEND

Ein elsta starfandi bókaútgáfa landsins er til sölu.

Bókaútgáfan Setberg hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1950. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í útgáfu barnabóka síðustu ár og hefur velta verið á bilinu 30-50 m.kr.

Árlega eru gefnir út um 20 titlar, að mestu þýðingar á erlendum titlum og er dreifing góð í bókabúðir og helstu verslanir. Síðasta rekstrarár útgáfunnar var mjög gott og eru ágætis horfur framundan með nýjum möguleikum í rekstri.



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Skotsilfur



Múlbundinn



Jón Gunnar Jónsson

forstjóri
Bankasýslunnar.

Hlutafjárútboð Íslandsbanka hefur gengið vel og það endur-

speglast í gífurlegri eftirspurn. Þegar almenningur sýnir útboðinu jafn mikinn áhuga og raun ber vitni vakna spurningar um þær takmarkanir sem hafa verið á faglegri, opinberri umræðu um útboðið. Bankasýslan hefur ráðið svo mörg fjármálafyrirtæki til að koma að útboðinu með einum eða öðrum hætti að varla hefur fundist viðmælandi á fjármálamarkaði sem ekki er bundinn þagnarskyldu þar til um mánuði eftir að útboðinu lýkur. Opinber umræða er fátæklegri fyrir vikið og ekki bætir úr skák að Evrópulöggjöfin MiFid II hefur sniðið fjárfestingaráðgjöf fyrirtækja þröngan stakk. ■

Alltaf hagkvæmara



Gunnar Smári Egilsson

formaður
Sósíalistaflokksins.

Gunnar Smári Egilsson, formaður Sósíalistaflokksins, er

fullyrðingaglaður í gagnrýni sinni á ríkjandi skipan þjóðfélagsins. Nú síðast tók hann fyrir leigusamning ríkisins við félagið Íþöku vegna leigu skrifstofuhúsnæðis undir Skattinn. Frá sjónarhóli Gunnars Smára er alltaf hagkvæmara fyrir ríkið að eiga sínar eigin húseignir og langtímasamningur við einkarekið fasteignafélag jafngildir því að ríkið gefi heilt skrifstofuhúsnæði til fjármagnseigenda. En röksemdarfærslan hlýtur að ná lengra. Í krafti stærðar sinnar ætti ríkið einfaldlega að segja upp öllum samningum um aðkeypta þjónusta og sinna henni sjálft með ódýrari hætti. Eða hvað? Þegar á reyndi kom raunveruleikinn sósíalismanum í koll þótt kennigarnar segðu annað. ■

Stýrir 97 milljörðum



Sigurður Kristinnsson

forstjóri SV
AirFinance.

Alþjóðlegi fjárfestingarisinn KKR hefur komið

á fót nýju félagi, AV AirFinance, sem sérhæfir sig í fjármögnun flugfélaga. Nýja félagið kom inn á markaðinn með látum og keypti 800 milljóna dala lánasafn, jafnvirði 97 milljarða króna, sem nær yfir fleiri en 60 farþegaþotur. Athygli vekur að Sigurður „Siggi“ Kristinnsson hefur verið ráðinn forstjóri SV AirFinance en hann hefur áratuga reynslu á þessu sviði. Sigurður stofnaði Volito Aviation Services í Svíþjóð og var forstjóri þess í 14 ár en fyrirtækið veitti meðal annars þjónustu og ráðgjöf til Goldman Sachs. Áður starfaði Sigurður um langt skeið í Lúxemborg. ■

Eldsneytisskortur í Líbanon



Hagkerfi Líbanon er í molum um þessar mundir. Fjármálakreppa hefur leikið landið grátt síðastliðin tvö ár. Gjaldeyrisskortur er í landinu sem hefur leitt af sér skort á innfluttum nauðsynjavörum á borð við eldsneyti. Á myndinni raða ökumenn sér upp í röð við bensinstöð í höfuðborginni Beirút. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Varan okkar er ekki samkeppnisfær – kaupið hana samt



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Íslenzk matvælafyrirtæki þurfa mörg hver að nota mjólkur- og undanrennuduft í framleiðslu sína, sum í stórum stíl. Þessi hráefni eru notuð t.d. í súkkulaði og annað sælgæti, ís, kex og kökur og unnar kjótvörur.

Tvær aðgerðir stjórnvalda ráða því að innlendur matvælaíðnaður er þvingaður til að kaupa þessar vörur af einu fyrirtæki, Mjólkursamsöðlunni, á verði sem er langt yfir heimsmarkaðsverði. Annars vegar hefur undanþága mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum leitt af sér algjöra yfirburðastöðu MS og Kaupfélags Skagfirðinga á mjólkurmarkaðnum. Það er engin innlend samkeppni í sölu mjólkur- og undanrennudufts. Hins vegar eru gífurlega háir tollar á innfluttu mjólkurdufti þar sem Bændasamtökin náðu á sínum tíma „frábærum“ samningi við stjórnvöld um að tollarnir skyldu hækkaðir duglega. Það er engin erlend samkeppni heldur.

Hver sá sem rekur fyrirtæki getur sett sig í þau spor að vera þvingaður til að kaupa aðföng af einu fyrirtæki eingöngu. Viðskiptavinir MS kaupa ekki mjólkurduft vegna verðsins eða gæðanna eftir að hafa skoðað aðra kosti. Þeir kaupa vöruna af því að valdhafarnir hafa rænt þá öllum eðlilegum valkostum. Það er í hæsta máta óeðlileg staða.

Sættir matvælaíðnaðurinn sig við mismunun?

Við þetta bætist að verðið sem Mjólkursamsalan lætur innlenda viðskiptavinum sína greiða fyrir mjólkurduft er hátt í tvöfalt herra en það sem erlendir viðskiptavinir sama fyrirtækis þurfa að borga. Þar er um að ræða erlend matvælafyrirtæki, sem oft og tíðum eru í beinni samkeppni við íslenzk matvælafyrirtæki.

Sú spurning vaknar óneitanlega hversu lengi íslenzkur matvælaíðnaður geti þolað þessa mismunun. Nú er t.d. stutt síðan erlendir fjárfestar, í matvælaíðnaði á Norðurlöndum, keyptu allt hlutaféð í stærsta sælgætisframleiðanda landsins. Hvernig ætli gangi að útskýra fyrir þeim að íslenzka mjólkurduftið sem þeir geta keypt ódýrt erlendis sé dýrara á Íslandi, þar sem það er framleitt? Að það sé í raun ódýrara að framleiða úr íslenzku hráefni erlendis og líklega allra bezt að framleiða bara erlendis úr erlendu hráefni?

Því hefur verið haldið fram að undanþága mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum, sem leiddi af sér sameiningu allra mjólkurafurðastöðva í eina samstæðu, hafi leitt af sér gríðarlega hagræðingu í mjólkuriðnaðinum. Sú hagræðing dugar greinilega ekki til að mjólkuriðnaðurinn treysti sér til að selja öðrum matvælaíðnaði aðföng á samkeppnishæfu verði.

Mjólkuriðnaðurinn vill ekki skipta við sjálfan sig

Ýmislegt bendir til að íslenzkur mjólkuriðnaður liti ekki einu sinni svo á sjálfur að íslenzkar prótínvörur eins og undanrennuduftið og skyrið séu alþjóðlega samkeppnisfærar. Á sínum tíma þrýsti mjólkur-



Meðal hagsmunaaðila í landbúnaðinum virðist eindregin samstaða um að það skuli þína íslenzkan iðnað til að kaupa aðföng á ósamkeppnisfæru verði.

iðnaðurinn mjög á um að fá stærri tollfrjálsan innflutningskvóta í löndum Evrópusambandsins fyrir íslenzka skyrið. Hins vegar ber svo við að eftir að tollasamningur Íslands og ESB, þar sem skyrvótinn rúmlega tífaldaðist, tók gildi árið 2018 hefur útflutningur á skyri til ESB minnkað. Ástæðan er sú að Mjólkursamsalan kys fremur að framleiða skyr samkvæmt „íslenzkri uppskrift“ í aðildarríkjum ESB úr þarlendri mjólk. Líklegasta skýringin á því, þótt forsvarsmenn MS fáið ekki til að segja það opinberlega, er að íslenzku hráefnin til framleiðslunnar séu einfaldlega of dýr.

Félag atvinnurekenda greindi frá því á dögunum að í viðræðum um fríverzlunarsamning Íslands og Bretlands hefðu brezk stjórnvöld boðið umtalsverðan tollfrjálsan innflutningskvóta fyrir íslenzkt undanrennuduft, á móti auknum innflutningsheimildum fyrir brezk-ar búvörur á Íslandi. FA fúrðaði sig á að í landbúnaðinum hefðu menn ekki viljað grípa þetta tækifæri, þar sem þá hefði hin nýja skyrverksmiðja Íseyjar Skyr í Wales getað unnið skyr úr íslenzku hráefni.

Guðmundur Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, sagði um þetta í grein í Bændablaðinu: „Ef þetta hefði nú allt gengið eftir þá átti að flytja út iðnaðarvöru fyrir fullunnar landbúnaðarvöru í skiptum. Hvaða heilvita manni hefði dottið í hug að flytja út störf svo mögulegt væri að koma út iðnaðarvöru á verði sem hefði aldrei staðist samkeppni í hinum stóra heimi?“

Þar höfum við það – meira að segja formaður Bændasamtakanna staðfestir að íslenzka undanrennuduftið sé ekki samkeppnisfært. Hann virðist hins vegar ekki átta sig á því að með núverandi fyrirkomulagi er einmitt verið að flytja út störf frá innlendum framleiðslufyrirtækjum sem eru í lakari samkeppnisstöðu vegna þessarar sérhagsmunagæzlu í þágu einokunar og okurs.

Stjórnvöld verða að stiga inn í

Meðal hagsmunaaðila í landbúnaðinum virðist eindregin samstaða um að það skuli þína íslenzkan iðnað til að kaupa aðföng á ósamkeppnisfæru verði. Það er ekki við því að búast að Mjólkursamsalan skipti að eigin frumkvæði um stefnu í þessu máli og reyni að bjóða innlendum viðskiptavinum sínum verð sem stengt alþjóðlegan samanburð. Hér verða stjórnvöld að stiga inn í, annars vegar með því að afnema undanþága mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum, og hins vegar með því að lækka tolla þannig að matvælaíðnaðurinn geti nálgast aðföng á skynsamlegu verði.

Núverandi staða er algjörlega óviðunandi. Það verður forvitnilegt að sjá, nú þegar kosningar nálgast, hverjir vilja breyta henni og hverjir vilja óbreytt ástand. ■



Fáðu reikningana þína greidda þegar þér hentar

– Kynntu þér fyrirtækjalán Faktoríu

Hverjir nota þjónustuna?

- Fyrirtæki sem þurfa að brúa bilið
- Auka lausafjárstöðu
- Fyrirtæki í vexti

Um lánin

- Verðin koma á óvart, þóknun okkar er frá aðeins 1,49%
- Fyrirtækjalán í formi kröfufjármögnunar

Um þjónustuna

- 100% rafrænt
- Afgreiðsla að jafnaði innan 24 klst
- Persónuleg þjónusta



faktoría

Kynntu þér nánar á www.faktoria.is

Skoðun

Þorsteinn
Friðrik
Halldórsson



Óþol fyrir framförum

Útlit er fyrir að hlutafjárútboð Íslandsbanka, sem lauk í gær, hafi verið vel heppnað á flesta mælikvarða. Ríkið losar um eignarhald sitt í fjármálakerfinu með skynsamlegum hætti og þrátt fyrir nokkuð hagstætt útboðsgengi fyrir kaupendur – sem var meðal annars ætlað að stuðla að kraftmikilli þátttöku almennings í útboðinu – fær ríkissjóður gott verð fyrir sinn hlut.

Vert er að staldra við og rifja upp úrtölurnar sem lituðu umræðu um sölufarlið í byrjun þessa árs og fjölmiðlar gerðu hátt undir höfði. Málflutningur þingmanna Samfylkingarinnar var á þá leið að aðstæður fyrir sölu á banka væru óheppilegar og ráðgjafar stéttarféлага sögðu að óvissa um virði lánasafns Íslandsbanka myndi laða óprúttna fjármagnseigendur að bankanum.

Málflutningurinn gaf til kynna að stjórnvöld vildu knýja í gegn rót-tækar breytingar á fjármálakerfinu í þágu fjármagnseigenda. Því fer fjarri enda er sala á 35 prósentu hlut í öðrum af tveimur ríkisbönkunum varfærið skref í átt að heilbrigðara fjármálakerfi. Ljóst var, þá sem nú, að fullyrðingarnar héldu ekki vatni.

Enn fleira var týnt til. Í greinargerð frá sérfræðingahópi verka-lýðshreyfingarinnar sem var birt í byrjun árs var mælt gegn bankasölunni, meðal annars vegna þess að skort hefði samfélagslega umræðu um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið. Auk þess þyrfti að byggja upp meira traust á bankakerfinu og eftirlitsstofnunum áður en Íslandsbanki yrði seldur. Í órvæntingu var fálmað eftir hverju því sem gæti gert sölu Íslandsbanka tortryggilega.

Sala bankans er eitt af nokkrum nýlegum dæmum sem sýna að framtakssemi í atvinnulífinu á undir högg að sækja. Hún kallar fram neikvætt og ósjálfrátt viðbragð eins og slegið sé á hnéskeljarnar. Gildir þá einu hvort framtakið snúi að atvinnuuppbyggingu eða dreifingu eignarhalds í mikilvægum atvinnugreinum.

Sem kunnugt er þrýsti stjórn VR á Lífeyrissjóð verzlunarmanna að sniðganga hlutafjárútboð Icelandair og formaður stéttarfélagsins hvatti einnig til sniðgöngu á hlutafjárútboð Síldarvinnslunnar. Forseti ASÍ fann stofnun flugfélagsins Play allt til foráttu og formaður Eflingar lýsti áhyggjum sínum af því að endurreisn ferðaþjónustunnar leiddi til „gullgrafaraæðis“.

Framferði verkalyðsforingja og þingmanna endurspeglar ekki heilbrigt mótvægi við atvinnurekendur heldur óþol gagnvart efnahagslegum framförum. ■

Hvalur gerir upp við fleiri hluthafa

thorsteinn@frettabladid.is

Á hluthafafundi fjárfestingafélagsins Hvals í lok síðasta mánaðar var tekin sú ákvörðun að lækka hlutafé félagsins með greiðslu til ákveðinna hluthafa að fjárhæð 2,3 milljarðar króna.

Hvalur hafði áður innleyst bréfþriggja hluthafa með greiðslu að fjárhæð 1.365 milljónir auk dráttarvaxta en félaginu bar skylda til þess samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms Vesturlands.

Hluthafarnir þrír, sem réðu yfir 5,3 prósentu

hlut, voru félög í eigu feðganna Einars Sveinssonar og Benedikts Einarssonar og Ingimundar Sveinssonar. Þeir stefndu Hval og sökuðu Kristján Loftsson, framkvæmdastjóra og stærsta hluthafa Hvals, um að hafa aflað ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa með kaupum sínum á hlutum á „verulegu undirverði“ 2017 og 2018.

Með þessu hefði Kristján gerst brotlegur við ákvæði laga um hlutafélög og hluthafarnir ættu því rétt á innlausn samkvæmt tilteknu ákvæði sem kom fyrst inn í löginn árið 2010. ■

”

Það skipti mig miklu máli að vera finnst og í raun vildi ég vera best klæddi maður Seðlabankans. Því þannig vildi ég sýna stöðunni minni virðingu.



Ásgeir Jónsson,
seðlabankastjóri

NYTTUM
ORKUUNA
TIL AÐ
FLOKKA

Garðaúrgangsgámur fyrir heimilið

Nú getur þú lossað þig við garðaúrganginn á eftirfarandi Orkustöðvum í júní.

Hraunbæ, Reykjavík

Kleppsvegi, Reykjavík

Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði

Suðurströnd, Seltjarnarnesi

Orkan — Lauflétt fyrir þig

terra

Sterkari saman
í sátt við umhverfið

LITRÓF

Guðjón Ó

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000



Ganga í náttúrunni er endurnærandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hressandi útivera

Að ganga úti í ósnortinni náttúru er ómetanlegt. Kyrrðin og róin gefa huganum tækifæri til að hvílast og njóta augnabliksins. Hvort sem fólk er eitt á ferð eða í hópi góðra vina getur útivist verið eins og góður sálfræðitími. Auk þess að vera eins og vítamínsprauta fyrir andlega heilsu þá er útivist líka kjörin líkamsrækt sem hentar flestum. Fyrir óvana eru léttar göngur á jafnsléttu úti í fersku lofti kjörin leið til að hreyfa stirða vöðva og fá ferskt súrefni til að streyma um æðarnar. Fyrir lengra komna er hægt að njóta náttúrunnar við meira krefjandi aðstæður eins og með fjallgöngum eða fjalla-hlaupum. Eftir góða hreyfingu í náttúrunni endurnærast fólk á sál og líkama og er tilbúnara að takast á við áskoranir dagsins. ■



Verkur í kálfa getur til dæmis bent til blóðtappa.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þekktu einkenni blóðtappa í fæti

Blóðtappar í bláæðum myndast oft hægt með vaxandi bólgum, sársauka og litabreytingum á fæti, en þessi einkenni líkjast oft ein-kennum sýkingar eða netjubólgu. Blóðtappar í slagæðum myndast aftur á móti skyndilega þegar hörsli í æðaveggjum losnar og stíflar æðar. Við það tapast tilfinning og hreyfigeta í fæti, fóturinn hvítnar og verður aumur og sjúklingur getur orðið mjög kvalinn. Ef þetta gerist í mikilvægum slagæðum, til dæmis þeim er liggja til hjarta eða heila, getur það valdið hjartaáfalli eða heilablóðfalli. Helsta ástæða blóðtappamynd-unar í bláæðum er hreyfingarleysi, til dæmis á löngum ferðalögum og hjá rúmliggjandi fólki. Erfðagalli í einhverjum hinna fjölmörgu þátta blóðstorkuferlisins getur einnig valdið því að sumir einstaklingar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir blóðtappamyndun. Almennir áhættuþættir blóð-tappa eru hár blóðþrýstingur, hátt kólesteról, sykursýki og reykingar. Fjölskyldusaga skiptir einnig miklu máli. Ófriskar konur eru svo í aukinni áhættu á að fá blóðtappa í fætur. ■

Heimild: doktor.is

Lífsstílsbreyting til frambúðar

Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að fólk vilji greinast. Einnig er munur á því að missa fá kíló eða mörg. Hvort ætli sé betra að einbeita sér að breytingum á mataræði eða hreyfingu til að léttast? Oft fylgist það að þegar fólk byrjar að hreyfa sig reglulega að mataræðið breytist sjálfkrafa. Í raun skilar það bestum árangri. 30 mínútna hreyfing á dag stuðlar

að betri heilsu og ekki síst verður skapið betra. Margar litlar og reglulegar mál-tíðir með áherslu á fitusnaðar vörur getur aukið þyngdartap. Lífs-stílsbreytingu á að gera til lengri tíma. Það er ekki heppilegt til árangurs að svelta sig. Nauðsynlegt er að skipta út sykrudum gos-drykkjum fyrir sykurlausu. Vatnið er þó best. Heilbrigt mataræði og

lífsstíll með hreyfingu er besta leiðin til að ná varanlegu þyngda-tapi. Ekki sleppa samt öllu sem þér finnst gott. Það er allt í lagi að leyfa sér göðgæti stundum en þá er mun minni hætt á að gefast upp. Skyndilausnir eru aldrei til góðs. Ekki heldur ofþjálfun. Best er að fara rólega af stað í upphafi og bæta sig eftir því sem þrekið verður meira. ■




Oft er nóg að gera lífsstílsbreytingu til að léttast.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



AFSLÁTTARVIKA 16.-21. JÚNÍ Í BÓEL

RUNDHOLZ FATNAÐUR **-20%**
K&M, STUDIOB3 OG **YAYA** FATNAÐUR **-30%**
TRIPPEN SKÓR **-20-30%**
MANDARINA DUCK TÖSKUR **20-50%**
ANTIPODES HÚÐVÖRUR **-20%**



KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið mánud. - föstud. 12-18 laugard. 12-16
www.boel.is

Bílar & Farartæki





Nú þegar engir sendibílar eru fánlegir í heiminum eigum við pennan til á lager! Ford Transit Custom Trail L2H1. Með hliðarhurðum báðu megin. LED ljós. Álfelgur. Leðursæti. Stigbretti. Ofi. Ofi. Verð 5.250.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar



Léttir Fyrirferðalítill Hljóðlátir

Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Pakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannabjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opíð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heimilið

Dýrahald

Ein læða til sölu 3ja mán (20þús)
Uppl. í s. 857 7290 e. kl. 13:00.

Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð á Selfossi til leigu f. 25. júlí á sanngjörnu verði. s. 832 6888

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milli loft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Klausturveg 4.

Nýtt deiliskipulag fyrir Klausturveg 4 er um 4,7 ha en deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir viðbyggingum við skóla, nýjum leikskóla sem verður sambyggður skóla með tengibyggingu og Errósetri í framhaldi af þekkingarsetri. Markmið skipulagsins er að búa til heildstætt skólasvæði fyrir sveitarfélagið þar sem gott flæði er á milli skólastiga í tengslum við þekkingarsetur og Errósafn. Með því verða til öflugir innviðir fyrir menntun barna og tómstundir sem er liður í framtíðarsýn Skaftárhrepps að verða eftir-sóknarvert sveitarfélag þar sem samstarf einkennir samfélagið.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með miðvikudeginum 16. júní til 30. júlí 2021. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Sveitarstjóri Skaftárhrepps

Allt fyrir veitingahús- atvinnueldhús og kaffihús



MINNUM Á 20% AFSLÁTT Á ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN





VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
www.verslun.is

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR 2016-2030, URRÍÐAHOLT, OG BREYTING Á DEILISKIPULAGI URRÍÐAHOLTS, NORÐURHLUTA 4. KYNNING Á SKIPULAGSLÝSINGU.

Þann 3. júní 2021 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 -2030 og deiliskipulags Urríðaholts norðurhluta 4. Í væntanlegri deiliskipulagsbreytingu er til skoðunar að gera ráð fyrir 70-80 íbúðum fyrir 50 ára og eldri á lóð Urríðaholtsstrætis 9 í stað atvinnuhúsnæðis. Til að opna fyrir heimildir fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis af þessu tagi er stefnt að því að breyta skilmálum í aðalskipulagi Garðabæjar fyrir svæðið norðan Urríðaholtsstrætis þannig að heimildir fyrir íbúðarhúsnæði verði rýmkaðar.

Með vísan í 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga er skipulagslýsing lögð fram til kynningar á heimasíðu Garðabæjar, **www.gardabaer.is**, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar ábendingar. Frestur til að skila inn ábendingum er til og með 27. júlí 2021. Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is

MARÍUGATA 9-11, TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI AUSTURHLUTA URRÍÐAHOLTS.
Garðabær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Austurhluta Urríðaholts í samræmi við 1. mgr. 43. gr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan gerir ráð fyrir því að fjölgað verði um fjórar íbúðir stærri en 90 m2 og fjórar íbúðir minni en 90 m². Bílastæðum á lóð fjölga til samræmis við fjölgun íbúða.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 27. júlí 2021. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is





DAGSKRÁ í Firði 16. júní

**Kynning á byggingar-
áformum kl. 15-17**

**Matarvagnar við Fjörð
kl. 17-19.30**



Kynning á byggingaráformum við Strandgötu og Fjörð verður á spjöldum á jarðhæðinni í Firði. Fulltrúi lóðarhafa verður á staðnum og svarar spurningum.



Matarvagnar með fjölbreytt úrval matar verða við Fjörð kl. 17-19.30. Komdu og taktu mat með heim eða borðuðu á staðnum.

Íþróttaálfurinn kl. 17.30



Íþróttaálfurinn úr Latabæ kemur í heimsókn og skemmtir gestum á 2. hæðinni og fær þá til að hreyfa sig og hugsa um heilbriggt matarræði.





Ástkær bróðir og frændi,
Sigbjörn Jóhannsson

bóndi,
Blöndugerði, Hróarstungu,

lést 10. júní á hjúkrunarheimilinu
Dyngju á Egilsstöðum.

Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju
föstudaginn 18. júní kl. 11.00. Starfsfólk Dyngjunnar fær
sérstakar þakkir fyrir umönnun og hlýtt viðmót.

Fyrir hönd aðstandenda,
Emil Jóhann Árnason



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Sigurlaug Ásgerður
Sveinsdóttir**

andaðist þann 14. júní
á Dvalarheimili aldraðra Dalbæ, Dalvík.
Útförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörg Antonsdóttir
Elin Antonsdóttir
Anna Dóra Antonsdóttir
Arna Antonsdóttir
Þórolfur Antonsson
Árdis Antonsdóttir**

Sveinn Sveinsson

Hrönn Vilhelmsdóttir

barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Önnu Jensínu Olsen

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
á 3. hæð, Vífilsstöðum.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Snorri Halldórsson
Stefán Halldórsson**

**Birna Ingvarsdóttir
Sighild Birna Borgþórsdóttir**



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir og amma,
Soffía Einarisdóttir
frá Þorlákshöfn,

lést 11. júní á lyflæknisdeild
HSU Selfossi. Útförin fer fram frá
Þorlákskirkju föstudaginn 18. júní kl.11.

**Bettý Grimsdóttir Árni Hrnar Arngrímsson
Arngrímur Árnason
Soffía Sif Árnadóttir**



Kæru ættingjar og vinir.
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát elskulegs
eiginmanns, föður, afa og langafa,
Sigurbjarts Sigurðssonar
Langagerði 34.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Viðeyjar og
Mánateigs á Hrafnistu Laugarási fyrir hlýhug og nærgætni.

**Guðbjörg Jónsdóttir
Jóna Sigfríð Sigurbjartsdóttir Gunnar Þórir Þorkelsson
Heiða Björg Sigurbjartsdóttir Hans Gíslason**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Gunnlaugur Björnsson
Nípukoti,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á
Akranesi 9. júní.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigrún Þórisdóttir

**Eva Gunnlaugsdóttir
Sigurður Björn Gunnlaugsson
Þórir Óli Gunnlaugsson**

Sverrir Á. Berg

**Gunnlaugur, Heiðrún, Ingvar Óli, Einar Örn og
Hafþór Ingi**



Jón Múli í
hljóðstofu
útvarpsins
1962, kannski
að kynna jazz-
tónlist!

**MYND/LJÓS-
MYNDASAFN
REYKJA-
VÍKUR/BRAGI GUÐ-
MUNDSSON.**

Lög Jóns Múla sterkar tónsmíðar

Jazzklúbburinn Múlinn heldur
hátíðartónleika í kvöld í minningu
Jóns Múla Árnasonar, útvarps-
pular og kyndilbera djassins, sem
hefði orðið 100 ára á þessu ári. Þeir
eru í Kaldalónssal Hörpu.

gun@frettabladid.is

„Jón Múli hefði átt aldarafmæli 31. mars
síðastliðinn og við ætluðum að halda
þessa tónleika þá en gátum ekki vegna
faraldursins,“ segir Ólafur Jónsson, for-
maður Jazzklúbbsins Múlans, um minn-
ingartónleika í kvöld í Kaldalóni í Hörpu
klukkan 20. Þar verða leikin lög eftir Jón
Múla Árnason.

Ólafur segir einvalið koma fram,
alls rúmlega 20 manns. Flutt verði sex
atriði og gert ráð fyrir að í lokin spili allir
saman. „Þetta verður veisla.“

Lög Jóns Múla voru samin fyrir leikrit
eftir þá bræður, hann og Jónas. Ólafur
segir höfundinn hafa verið undir áhrifum
frá söngleikjatonlist. „Lögin hans eru
djössuð og á tónleikunum eru þau bara
flutt á hljóðfæri, þetta eru svo sterkar og
flottar tónsmíðar. Flutningurinn verður
fjölbreyttur því þarna verða margvisleg



Ólafur blæs eflaust í saxófóninn í kvöld.

MYND/ÞSEND

bönd, allt frá dúettum upp í tíu manna
sveitir.“

Jazzklúbburinn Múlinn var nefndur
Jóni Múla til heiðurs þegar hann var
stofnaður í árslok 1997, minnist Ólafur.
Tónleikarnir í kvöld eru þeir fyrstu af
nú í sumarröðinni sem verður fjöl-
breytt, að hans sögn. Flestir hinna verða
í Flóanum. ■



Flutningurinn verður
fjölbreyttur því þarna
verða margvisleg bönd.

Flytjendur á tónleikunum

Agnar Már Magnússon, Andrés Þór
Gunnlaugsson, Ásgeir J. Ásgeirs-
son, Birgir Steinn Theodórsson,
Erik Qvick, Eyþór Gunnarsson,
Haukur Gröndal, Hilmar Jensson,
Ingibjörg Elsa Turchi, Magnús
Trygvason Eliassen, Matthías M.D.
Hemstock, Nico Moreaux, Ólafur
Jónsson, Óskar Guðjónsson, Rósa
Guðrún Sveinsdóttir, Sara Mjöll
Magnúsdóttir, Samúel J. Samúels-
son, Snorri Sigurðarson, Valdimar
Kolbeinn Sigurjónsson og Þor-
grímur Jónsson.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, bróðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Hrafn G. Johnsen

tannlæknir,

lést á heimili sínu
þriðjudaginn 8. júní. Útförin fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju 22. júní, kl. 13.00.

Sigurros Skarphéðinsdóttir

**Örn Tryggvi Johnsen
Gísli J. Johnsen
Smári Stav
Hlynur Johnsen
Ásdís Anna Johnsen**

**Erla Kristinsdóttir
Bryndís Ósk Jökla Björnsdóttir
Ingunn Stav
Eva Huld Friðriksdóttir**

barnabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Brynhild Stefánsdóttir

Grænumörk 2, Selfossi

sem lést mánudaginn 7. júní á
Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi,
Hellu, verður jarðsúngin frá Selfosskirkju,
mánudaginn 21. júní kl. 13.00.

Streymt verður frá athöfninni, sjá selfosskirkja.is
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Lundar fyrir frábæra
umönnun, kærleika og vináttu.

**Margrét Einarisdóttir
Marianna G. Einarisdóttir
Guðjón Einarsson
Stefanía Einarisdóttir**

**Trausti Traustason
Jón H. Snædal Sigurðsson
Emma K. Guðnadóttir
Ólafur H. Gunnarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum innilega auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför
eiginkonu minnar, móður okkar,
tengdamóður og ömmu,
**Gunnhildar Birnu
Björnsdóttur**

Sævargörðum 3, Seltjarnarnesi.

Bestu þakkir færum við starfsfólki L4 á Landakoti og
starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Seltjörn.

Hörður Reynir Jónsson

**Sverrir Tynes
Salome Tynes
Jón Reynir Harðarson
Bjarni Birkir Harðarson**

**Ása Kolka
Pálmi Kristinsson**

**Rakel Guðmundsdóttir
og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Sólberg Jónsson

sparisjóðsstjóri,
Bolungarvík,

lést þriðjudaginn 8. júní.
Útförin fer fram frá Hólskirkju,
laugardaginn 19. júní klukkan 14.

Lucie Einarsson

**Ásgeir Sólbergsson
Bjarni Sólbergsson
Elisabet Jóna Sólbergsdóttir
Sölvi Rúnar Sólbergsson
María Sólbergsdóttir**

Margrét Gunnarsdóttir

**Guðjón Jónsson
Birna Guðbjartsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



SÆTI ;)

**HET-ANKER
NÝ SENDING**



VORUM AÐ FÁ Í HÚS NÝJA SENDINGU FRÁ **HET-ANKER**, BEINT FRÁ HOLLANDI.
FULL BÚÐ AF SÓFUM OG STÓLUM SEM GERA HEIMILIÐ PITT EINSTAKLEGA SÆTT.

KOMDU OG FÁÐU ÞÉR SÆTI ;)



FERSK MELÓNA



198 kr./kg

Fersk Gul Melóna
frá Spáni

HRÁSKINKA



459 kr./pk.

Ítölsk Hráskinka
100 g í pk. - verð áður 498 kr.

FERSK MELÓNA



198 kr./kg

Fersk Rauð Vatnsmelóna
frá Spáni

GULRÆTUR



198 kr./pk.

Ferskar Gulrætur
500 g í pk. - frá Belgíu

FERSKUR MAÍS



195 kr./stk.

Ferskur Maís
heill u.þ.b 300 g - Sweet Corn frá BNA

PICCOLO TÓMATAR



395 kr./pk.

Piccolo Tómatar
180 g

SÓLSKINSTÓMATAR



395 kr./pk.

Sólskinstómatar
250 g



139 kr./pk.

Bónus Flatkökur
5 stk. í pk.



598 kr./pk.

Bónus Hangiálegg
170 g



795 kr./pk.

Pepsi og Pepsi Max
4 x 2 ltr

NAUTALUND



2.898 kr./kg

Frosin Pýsk Nautalund



598 kr./kg

Stjörnugrís Ferskur Grísabógur



2X 100 g

498 kr.

2X 120 g

559 kr.

2X 140 g

598 kr.

Smash Style Hamborgarar
úr 100% íslensku ungnautahakki



2.198 kr./stk.

Cheesecake Factory Heil Ostakaka
680 g



LÍKA TIL STÆRRI

398 kr./stk.

Íslenski Fáninn
50x70 cm



479 kr./stk.

Cheesecake Factory Ostakökusneiðar
97 g

OPIÐ 17. JÚNÍ
Í FLESTUM VERSLUNUM
10-18*
*LOKABÍÐ Í SKÚTUVOGI OG KRINGLUNNI

**SKEIFAN
SMÁRATORG
LANGHOLT
10-19**



RISARÆKJUR

HRÁAR



1.198 kr./pk.

Risarækjur Hráar
454 g í pk.

ELDAÐAR



1.398 kr./pk.

Risarækjur Eldaðar
454 g í pk.


EINFALDUR OG GÓMSÆTUR FORRÉTTUR



2.998 kr./ks.

Nauta Carpaccio
frosið - 10x80 g

Veðurspá Miðvikudagur



Austan og norð-
austan 5-10
m/s. Skýjað
með köflum og
yfirleitt þurrt.
Dregur úr vindi
suðaustanlands.
Hiti frá 3 stigum í
innsveitum norð-
austanlands, upp
í 11 stig suðvestan
til. ■

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**
1 DVÖL
5 REGLUR
6 Í RÖÐ
8 RÍKI Í AFRIKU
10 TVEIR EINS
11 GRASEY
12 VANGI
13 RÁNDÝR
15 KVK NAFN
17 LÖÐUR
- LÓÐRÉTT**
1 FÖRUNEYTI
2 VERKFÆRI
3 DEILUR
4 ANDIN
7 TABÚ
9 SMÁNA
12 URGUR
14 AFTRA
16 TVEIR EINS

LÁRÉTT: 1 stans, 5 lög, 6 áb, 8 angóla, 10 g, 11
LÓÐRÉTT: 1 slagto, 2 tön, 3 ag, 4 sál, 7
banor, 9 óvirða, 12 kurr, 14 tef, 16 nu.

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

Zsinka átti leik gegn Bareev í Næstved árið 1988.

1...Bf3! 2. gxf3 Hh6 3. He1 Dxh2+ 4. Kf1 Dh3+ 5. Kg1 Dh1# 0-1.

www.skak.is: Allar helstu skákfréttirnar. ■


Sudoku

				6	3		7	4
	1	5		9	8			
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9			6	
9			4					
		6			2			7

				3	9		5	7	1
				1				3	
			6						
	4		9	6					
		6							2
		5			2	4			
		4	3				1	5	
		9		7					
8	3	2			1				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

Pondus



Gelgjan



Barnalán



HEILSUDÝNUR OG -RÚM
MJÚK- OG DÚNVÖRUR
SVEFNSÓFAR
SMÁVÖRUR
STÓLAR
SÓFAR
BORÐ

DORMA
Láttu drauminn rætast
SMÁRATORGI
OPIN Á SUNNUD.
KL. 13-17

Sumar
útsalan
í fjórum verslunum

Smáratorgi
Holtagörðum
Akureyri
Ísafirði

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

SUMAR
ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR

LICATA
u-sófi

Licata u-sófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 366 x 226 x 82 cm
Dormaverð: 369.990 kr.

Aðeins **221.940 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Hittust æsir á Iðavelli

Iðavöllur er sýning fjórtán samtímalistamanna í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Sýningarstjórar eru Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Aldís Snorradóttir og Markús Þór Andrésson.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

„Okkur fannst komið að því að taka stöðuna á þessari kynslóð listamanna. Þetta er fólk sem hefur byggt upp listasenua á þessari öld, áunnið sér sess og er á ákveðnum hápunkti á ferli sínum,“ segir Markús Þór

„Á þessari sýningu og í meðfylgjandi sýningarskrá erum við að skoða þá þætti sem einkenna kynslóðina. Viðfangsefni listamannanna og aðferðir eru ólík en það sem sameinar er að þau falla á milli tveggja tímabila, fram að því sem gerist um aldamótin og því sem gerist eftir aldamótin. Stærsta breytingin á þessum tíma er ef til vill hin stafræna bylting, en það er auðvitað fjölmargt annað. Margar spurningar hafa vaknað um þær breytingar sem eiga sér stað í tilvist okkar og þær skila sér til dæmis í verkum þar sem listamenn tjá upplifun okkar af náttúrunni og umhverfinu og því hvernig skynheimur okkar er að breytast sem og skilningur á sögu og samfélagi.“

Fulltrúar nýrra tíma

Verkin á sýningunni eru ný og sérstaklega gerð fyrir sýninguna sem heitir Iðavöllur. Iðavöllur er samkomustaður goðanna í norrænni goðafræði og þar mætast þau við sköpun heimsins. „Okkur sýningarstjórunum finnst eins og listamennirnir séu fulltrúar nýrra tíma í svo mörgum skilningi og þegar kom að því að gefa sýningunni heiti leit-uðum við Ólöf og Aldís að einhvers konar tengingu við nýtt upphaf. Iðavöllur er þar sem æsirnir hittust í fyrsta sinn til að skapa heiminn og þegar þeir þurftu að byggja hann upp á ný eftir Ragnarök. Þannig að í goðsögulegu tilliti er Iðavöllur hlutlaus byrjunarreitir þar sem hægt er að byggja upp eitthvað nýtt,“ segir Markús.

Sýningin er um allt Hafnarhúsið sem nú er með nýjum inngangi um portið frá Naustum við Kolaportið. Listamennirnir höfðu margir hverjir rýmið í huga við gerð verka sinna. „Við erum nýbúin að fagna því að Listasafn Reykjavíkur er búið að vera í tuttugu ár í húsinu. Húsið hefur haft áhrif á listasöguna hér á landi vegna þess að það hefur skapað nýjan vettvang og stundum

bregðast listamenn líka beint við nánasta umhverfi í verkum sínum. Nokkur verk á þessari sýningu fjalla beinlínis um rýmið sem þau eru í, þar er sérstaklega horft til arkitektúrs og starfseminnar,“ segir Markús og bendir á verk Elínar Hansdóttur sem beinir athyglinni að þeim ólíku sjónarhornum sem listasafn býður áhorfendum sífellt upp á.



Okkur sýningarstjórunum finnst eins og listamennirnir séu fulltrúar nýrra tíma í svo mörgum skilningi.

Voldugt plöntusafn

Blaðamaður tók viðtalið við Markús í einum af fjölmörgum sölum safnsins. Í þeim sal er eitt verk sem yfirtekur rýmið, það er eftir Bjarka Bragason og sýnir voldugt plöntusafn. „Vinir Bjarka í Þýskalandi erfðu eftir forföður sinn þetta plöntusafn sem veitir inn-sýn í umhverfið á ákveðnum stað og stund. Listamaðurinn tengir plöntusafnið síðan við ákveðinn kima íslenskrar náttúru á okkar tímum og við þá speglun kemur eitt og annað fram um breytileg tengsl manns og náttúru,“ segir Markús.

COVID setti sannarlega strík í reikninginn í myndlistarheimin-



Markús Þór er einn af sýningarstjórum sýningarinnar. Verk Bjarka Bragasonar sést í bakgrunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Verk Önnu Rúnar Tryggvadóttur hlýtur að heilla listunnendur.

MYND/AXEL SIGURÐARSON

Listamennirnir

- Anna Júlía Friðbjörnsdóttir
- Anna Rún Tryggvadóttir
- Arna Óttarsdóttir
- Arnar Ásgeirsson
- Bjarki Bragason
- Dodda Maggý
- Elín Hansdóttir

- Eva Ísleifs
- Guðmundur Thoroddsen
- Hildigunnur Birgisdóttir
- Páll Haukur Björnsson
- Rebecca Erin Moran
- Styrmir Örn Guðmundsson
- Örn Alexander Ámundason

um. Hjá Listasafni Reykjavíkur var ákveðið að leggja árið í ár áherslu á að vinna með starfandi samtímalistamönnum. „Við erum að búa til verkefni í samstarfi við allar kynslóðir lifandi listamanna. Það sést til dæmis núna á Kjarvalsstöðum, í Ásmundarsafni, á nýlegri sýningu á verkum Errós og og samtímalistamanna og svo á þessari glæsilegu sýningu,“ segir Markús Þór. ■

Draugahundur á Eskifirði

kolbrunb@frettabladid.is

Bjargey Ólafsdóttir sýnir ljósmyndir í Gamla Skólahúsinu á Eskifirði. Opnunin er á morgun, þann 17. júní kl. 15, en síðan verður sýningin opin allar helgar á milli kl. 13 og 16 út júlímánuð.

Sýningin samanstendur af tólf ljósmyndum af Samoyed-hundum. Samoyed-hundarnir, sem líkjast nánast draugum, voru upphaflega ræktaðir til að veida, draga sleða, og smala hreindýrum.

Bjargey Ólafsdóttir lærði ljósmyndun, málalartist og blandaða tækni í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og Listaakademíunni í Helsinki, og handritsgerð og leikstjórn í Binger Filmlab í Amsterdam. Hún hefur gert nokkrar kvikmyndir og sýnt verk sín víða um lönd. ■



Bjargey Ólafsdóttir sýnir ljósmyndir af hundum.

Manic Panic
hárlitirnir fást
hjá okkur
sendum um allt land

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd, Rangárþingi ytra

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er einnig að finna á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](#).

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Deiliskipulag ferðaþjónustu í landi Stafholtsveggja II

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 10. júní 2021 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Stafholtsveggja II í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið tekur til 5,7 ha svæðis og innan þess eru skilgreindar lóðir undir þjónustubyggingar og svefn-skála fyrir ferðamenn. Aðkoma er af Borgarfjarðarbraut (50) um núverandi heimreið, sameiginleg með Stafholtsveggjum I og Bjargarási. Unnið er að breytingu aðal-skipulags Borgarbyggðar 2010-2022, samhliða.

Deiliskipulagstillagan er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](#) frá 21. júní til og með 3. ágúst 2021. Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 3. ágúst 2021.

Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst skipulagslýsing að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Frístundabyggð Kotstekksás í Munaðarnesi

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 10. júní 2021 að auglýsa skipulagslýsingu að nýju deiliskipulagi fyrir Kotstekksás í landi Munaðarness í Borgarbyggð.

Deiliskipulagssvæðið er innan frístundasvæðis F62 aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022, tekur til fimm frístundalóða og er heildarstærð þess 3,6 ha. Aðkoma að lóðunum verður um nýjan veg sem nefnist Kotstekksás.

Lýsingin er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](#) frá 16. júní til og með 30. júní 2021. Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsinguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 30. júní 2021.

Ef óskað er eftir nánari kynningu á ofangreindri tillögu eða lýsingu þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa. Athugasemdum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Bjarnabraut 8, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulagsfulltrui@borgarbyggd.is](#).

Borgarbyggð, 16. júní 2021
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.



BORGARBYGGÐ

[www.borgarbyggd.is](#)

DAGSKRÁ

16. júní 2021 MIÐVIKUDAGUR

Miðvikudagur

Hringbraut

- 18.00 433.is (e)** 433.is er fréttar- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
- 19.00 Lífið í sjónum** Þættir um framkvæmd heimsmarkmiða um lífið í sjónum.
- 19.30 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 20.00 Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heima-leikfimi**
- 11.10 Kastljós**
- 11.25 Menningin**
- 11.35 Sumarlandinn 2020**
- 12.05 Gönguleiðir** Ísafjarðardjúp.
- 12.25 Brautryðjendur** Ingibjörg Þorbergs.
- 12.50 Mótorsport**
- 13.20 Á meðan ég man** 1971-1975.
- 13.45 Íslendingar** Guðrún Jónsdóttir.
- 14.40 Joanna Lumley og Silkileiðin**
- 15.25 Heilabrot**
- 15.55 Eldað úr afskurði**
- 16.25 Saman að eilífu**
- 16.55 Klofningur**
- 17.50 Táknmálsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Kúlugúbbarnir**
- 18.24 Hæ Sámur**
- 18.31 Klingjur**
- 18.42 Minnsti maður í heimi**
- 18.45 Gert við gömul hús**
- 18.54 Vikiinglöttó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.00 Þeirra Ísland** Vinna, ást, stríð.
- 20.30 Líkamstjáning - Farsimaþráll Kroppsspråk**
- 21.15 Neyðarvaktin** Chicago Fire
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Erilsömustu borgir heims** World's Busiest Cities
- 23.15 Síðasta orðið** The Last Word Bandarísk mynd um viðskiptakonuna stjórnsömu Harriet sem komin er á eftirlaun. Hún ræður ungan blaðamann til að aðstoða sig við að skrifa æviágripin. Blaðamaðurinn fyllist forvitni á að komast að því sanna um líf Harriet. Samstarfið gefur af sér einstaka vináttu sem breytir lífi þeirra. Aðalhlutverk: Shirley MacLaine, Amanda Seyfried og AnnJewel Lee Dixon. Leikstjóri: Mark Pellington. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 01.00 Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

- 10.00 LPGA Tour** Útsending frá LPGA Mediheal.
- 13.00 LPGA Tour** Útsending frá LPGA Mediheal.
- 16.00 LPGA Tour** Útsending frá LPGA Mediheal.
- 19.00 Champions Tour Highlights**
- 19.55 LPGA Tour** Útsending frá LPGA Mediheal.
- 22.55 2021 PLAYERS Official Film**
- 23.45 PGA Special. One Shot Away**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 Life Unexpected**
- 15.50 90210**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Trúnó**
- 20.45 Normal People**
- 21.20 Pitch Perfect**
- 23.10 The Late Late Show**
- 23.55 Love Island**
- 00.50 Ray Donovan**
- 01.40 Venjulegt fólk**
- 02.10 Stella Blómkvist**
- 02.55 Manhunt. Deadly Games**
- 04.30 Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegð** Fyrri og seinni hluti.
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegð**
- 13.00 Dánarfegnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Gáfnaljósið**
- 14.30 Gáfnaljósið**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Svona er þetta**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Hvar erum við núna?** Aftur í útilegu.
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfegnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.30 Kvöldsagan. Njals saga** (23 af 29)
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 10.15 Lego DC. Batman - Family Matters**
- 11.35 Lucy in the Sky**
- 13.35 Notting Hill**
- 15.35 Lego DC. Batman - Family Matters**
- 16.55 Lucy in the Sky**
- 18.55 Notting Hill**
- 21.00 Escape Plan 2. Hades**
- 22.30 Atomic Blonde**
- 00.25 Alien** Viðfræð biómynd í leikstjórn Ridley Scott. Myndin fjallar um áhöfn geimfars sem viðbjóðsleg geimvera ofsækir. Þau vissu ekki af því þegar þessi óvættur kom um borð en þau fá svo sannarlega að vita af henni þegar hún lætur til skarar skriða.
- 02.15 Escape Plan 2. Hades**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Divorce**
- 09.55 Bomban**
- 10.40 Hið blómlega bú**
- 11.10 MasterChef Junior**
- 11.50 Brother vs. Brother**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Friends**
- 13.15 The Office**
- 13.40 Lóa Pind. Battlað í borginni**
- 14.25 Grand Designs**
- 15.10 Á uppleið**
- 15.45 12 Puppies and Us**
- 16.30 Flúr & fólk**
- 16.55 Last Week Tonight with John Oliver**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkin**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.05 Vikingalöttó**
- 19.10 Skreytum hús**
- 19.25 Golfarinn**
- 20.00 First Dates**
- 20.50 The Good Doctor**
- 21.35 Coroner**
- 22.20 The Gloaming**
- 23.15 Sex and the City**
- 23.45 The Blacklist**
- 00.35 NCIS. New Orleans**
- 01.15 A Black Lady Sketch Show**
- 01.40 The Sister**
- 02.30 The Mentalist**
- 03.10 Divorce** Gamansamur þáttur frá HBO þar sem Sarah Jessica Parker er í hlutverki Frances sem fer að finna fyrir leiða í hjónabandinu og ákveður að söðla um og byrja nýtt líf án eiginmanns-ins.
- 03.40 MasterChef Junior**

Stöð 2 Sport

- 11.05 Seinni bylgjan - karla**
- 11.30 Þór Þ. - Stjarnan** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
- 13.00 Keflavík - KR** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
- 14.40 Stjarnan - Þór Þ.**
- 16.20 Þór Þ. - Stjarnan**
- 18.00 Valur - Haukar** Útsending frá fyrsta úrslitaleik í Olís-deild karla.
- 19.30 Dominos Korfuboltakvöld - Upphitun**
- 20.05 Keflavík - Þór Þ.** Bein útsending frá fyrsta úrslitaleik í Dominos-deild karla.
- 22.00 Dominos Korfuboltakvöld**
- 22.40 Keflavík - Skallagrímur** Útsending frá oddaleik í undanúrslitum Dominos-deildar kvenna árið 2017.

Stöð 2 Sport 2

- 08.15 Barca - Real Madrid**
- 09.50 Ísland - Írland**
- 11.30 EM 1992** Heimildarþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1992.
- 12.30 EM í dag - Upphitun**
- 13.00 Finnland - Rússland** Bein útsending frá leik í EM 2020.
- 15.00 EM í dag - Uppgjör**
- 15.35 Chelsea - Sevilla**
- 17.15 Barca - Real Madrid** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í korfubolta.
- 18.50 Ísland - Írland**
- 20.30 Antwerp - Tottenham**
- 22.10 EM 2004** Heimildarþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 2004.
- 23.00 Nottingham Forest - Cardiff City** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

NÝ STÓRVERSLUN BÍLD SHÖFÐA 12



Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN BÍLANAUSTS ER FLUTT FRÁ DVERGSHÖFÐA Í GLÆSILEGT HÚSNÆÐI Á BÍLD SHÖFÐA 12.

OPIÐ: MÁN - FÖS 8 - 18 OG LAU 10 - 16


OPNUNARTILBOÐ:



REIÐHJÓLAFESTINGAR
20% AFSLÁTTUR



FARANGURSBOX
15% AFSLÁTTUR




HAPRO ÞVERBOGAR
20% AFSLÁTTUR



BÓN- OG HREINSIVÖRUR
20% AFSLÁTTUR



KROON OIL VÖRUR
20% AFSLÁTTUR



TOPTUL VERKFÆRI
20% AFSLÁTTUR



ALLAR MOTIP VÖRUR
20% AFSLÁTTUR



BOSCH ÞURRKUBLÖÐ
20% AFSLÁTTUR

OPNARTILBOÐIN ERU EINNIG Í NÝRRI VEFVERSLUN OG GILDA TIL 20. JÚNÍ EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST FARÐU Á WWW.BILANAUST.IS OG GERÐU GÓÐ KAUP

STÓRVERSLUN
BÍLD SHÖFÐA 12
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanæsbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Sárin í íslenskum fjölskyldum



Linda Blöndal
linda
@frettabladid.is

Skuggahverfið er ný kvikmynd í leikstjórn Jóns Einarssonar Gústafssonar og Karolinu Lewicka sem segir frá óútskýrðum atburðum og því hvernig áföll fyrri alda lifa enn innra með okkur.

„Í Skuggahverfinu er allt fullt af sögum og það sem heillar mig eru sögur sem eru sannar og spretta upp úr íslenskum raunveruleika, segir Jón Gústafsson kvikmyndagerðarmaður en Íslenska-kanadíska kvikmyndin Shadowtown eða Skuggahverfið, er loks komin í almennar sýningar. Myndin, sem leikstýrt er af Jóni og eiginkonu hans Karolinu Lewicka, var frumsýnd á RIFF í fyrra en fresta þurfti almennum sýningum margoft vegna heimsfaraldursins.

Afi í bakgrunni

Jón segir í viðtali á Fréttavaktinni á Hringbraut að sagan á bak við kvikmyndina komi frá sögu sem pabbi hans sagði honum af pabba sínum, afa Jóns, sem hafði verið skipstjóri á togara og þarf að fara í land þar sem konan hans, amma Jóns, veiktist og var ekki hugað líf um nóttina. Annar maður fær plássíð á togaranum. „Amma vaknar svo alveg frísk en togarinn sökkt,“ segir Jón. „Síðan ég heyrði þessa sögu hef ég verið að velta fyrir mér hvað hafi orðið um hina fjölskylduna sem missti fyrirvinnuna.“

Jón nefnir að um miðja síðustu öld sukku togarar reglulega, tugir manna drukknuðu og mikill fjöldi barna missti föður sinn. „Þetta eru sárin í íslenskri sögu og fjölskyldum,“ segir hann.

Grunar glæp

Sögusviðið er Skuggahverfið á góðæristíma árið 2007. Kanadíska leikkonan Brittany Bristow fer með aðalhlutverkið og leikur konu frá Kanada, Mayu, sem erfir hús ömmu sinnar í Reykjavík, konu sem hún þekkti ekki og vissi ekki af. Maya fer til Íslands til að ganga frá dánarbúinu og uppgötvar þá ýmislegt um rætur sínar og fortíðina, dularfullir atburðir eiga sér stað og hana fer að gruna að glæpur hafi verið framinn. „Við segjum nokkra þræði í sögunni en svörum ekki öllum spurningum og leyfum áhorfandanum að fylla upp í sjálfum,“ segir Jón.

Óútskýrðar tilviljanir

Hann segir að við vinnslu myndarinnar hafi ýmislegt óútskýranlegt gerst. „Við höfðum rétt svo breytt nafninu á karakternum, gamla manninum sem drukknaði, í Magnús Jónsson, þegar við fundum þetta litla hús í Skuggahverfinu. Við fórum að lesa okkur til um það og þá kom í ljós að um miðja síðustu öld bjó í húsinu maður sem hét Magnús Jónsson sem átti eina dóttur og drukknaði á sjó.“

Fleira gekk á í kringum gerð myndarinnar. Ekið var á Bristow í Toronto þegar hún var á leið til landsins í tökur svo hún slasaðist og Ingamaria slasaðist lífshættulega í Kaupmannahöfn þegar hún varð fyrir bil. Í myndinni er einmitt sena þar sem bíll ekur á hana.

Áföllin búa í okkur

Myndin fjallar meðal annars um áföll og reynslu sem erfist innan fjölskyldna og segir Jón að hér á landi hafi mannfall og harmur ekki verið vegna styrjalda heldur hafi Íslendingar missti þúsundir manna sinna á sjó. Sár og sál þjóðarinnar liggja í þessu meinar Jón. „Ég erfi það að tveir af mínum forfeðrum drukknuðu rétt fyrir utan Akranes og fólk stóð á ströndinni og horfði á



„Það sem heillar mig eru sögur sem eru sannar og spretta upp úr íslenskum raunveruleika,“ segir Jón Einarsson Gústafsson kvikmynda-gerðarmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Karolina Lewicka leikstjóri, Eliza Reid, Edda Björgvinsdóttir og Jón Einarsson Gústafsson. MYND/GUNNAR FREYR STEINSSON

”

Við fórum að lesa okkur til um það og þá kom í ljós að um miðja síðustu öld bjó í húsinu maður sem hét Magnús Jónsson sem átti eina dóttur og drukknaði á sjó.

þá.“ Í þessu megi finna skýringar á ötta fólks við forlögin.

Mystiskar sögur í fjölskyldunni

Fólk eins og í hans eigin fjölskyldu hafi verið fullt af mystískum sögum sem Jón hefur nú notað í íslenska bíómynd, „Því þær hafa áhrif í dag“. Reynsla kynslóðanna búi í hverri manneskju. „Kári Stefánsson hefur jafnvel sagt að við erfum hugsanir,“ bætir Jón við.

„Ég held því fram að þessi mynd sé sambland af mystík, þjóðtrú, draugum og íslenskum raunveruleika.“

Aðrir leikarar í myndinni eru John Rhys-Davies, þekktur úr Hringadróttins sögu, Edda Björgvinsdóttir, Kolbeinn Arnbjörns-son, Ingamaria Eyjólfsdóttir og Atli Óskar Fjalarsson.

Myndin er sýnd í Háskólabíói og Sambíóunum í Álfabakka. ■



Myndin vakti áhuga margra sem mættu á laugardaginn í bíó. Edward Farmer, Eric Wolf, Kári Stefánsson og Valgerður Ólafsdóttir. MYND/GUNNAR FREYR STEINSSON



Skuggahverfið er loks komin í sýningar og gestir mættu á laugardaginn. Bjarni Svanur Friðsteinsson, Ástrós Skúla-dóttir og Birkir Már Árnason. MYND/GUNNAR FREYR STEINSSON

HÁTÍÐLEGAR ÚTSKRIFTIR!



5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Leikjaborð
Fighter
TILBOÐSVERÐ: 36119.-
Verð áður: 45.149.-

20%
AFSLÁTTUR



5 ÁRA
ÁBYRGÐ

20%
AFSLÁTTUR

Leikjastóll
Commander
TILBOÐSVERÐ: 30.383.-
Verð áður: 37.979.-

Leikjastóll
Commander LED
TILBOÐSVERÐ: 36.119.-
Verð áður: 45.139.-



10%
AFSLÁTTUR


Rafhlaupahjól
Zero Z10X
TILBOÐSVERÐ: 197.999.-
Verð áður: 219.999.-

10%
AFSLÁTTUR


Rafhlaupahjól
Zero Z8
TILBOÐSVERÐ: 80.999.-
Verð áður: 89.999.-

ALLAR FERÐATÖSKUR

30%
AFSLÁTTUR




Flóra Íslands
TILBOÐSVERÐ: 9.999.-
Verð áður: 16.999.-



A Brief History Of Time -
Illustrated
Verð: 4.999.-



Hinir útvöldu
Verð: 5.299.-




Sapiens
Verð: 4.499.-




Íslensku fuglarnir
og þjóðtrúin
Verð: 7.999.-



Medicine: The Definitive
Illustrated History
Verð: 5.599.-



Big Ideas:
The Feminism Book
Verð: 4.999.-



Kinfolk -
Entrepreneur
Verð: 7.599.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsvík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 20. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Dulúðin og hráleikinn heilla

Félagarnir í The After Hour munu í kvöld flytja lög hljóm-sveitarinnar Velvet Underground. Þeir hafa sókkt sér í allar upptökur sem þeir hafa komist yfir til að fullkomna taktana fyrir tónleikana.

Í kvöld munu félagarnir í The After Hour flytja tónlist hinnar goð-sagnakenndu hljómsveitar The Velvet Underground á Kex hostel. Í félagsskapnum The After Hour eru þeir Ryan Van Kriedt, Hallberg Daði Hallbergsson úr Brian Jonestown Massacre, Kristinn Gunnar Blöndal einnig þekktur sem KGB, Teitur Magnússon og Simon Rúnarsson.

„Við höfum gaman að því að hittast og spila þessi lög svo við ákváðum að deila gleðinni með fleirum á Kexinu í kvöld,“ segir Hallberg.

Önnur stærðargráða
Hafið þið áður verið að vinna að tónlist saman?

„Já, ekki allir saman en við Ryan höfum auðvitað unnið saman í Jonestown Massacre,“ svarar Hallberg.

„Og við KGB höfum leikið saman í Justman, sólóverkefni Kristins,“ bætir Teitur við.

Þeir hafa lítið verið í ábreiðunum hingað til og meira verið í eigin frumsömdu tónlist.

„Við Ryan höldum einu sinni þannig tónleika í Lagunitas, heimabæ Ryans í Kaliforníu, en þetta verður í fyrsta sinn sem við gerum eitthvað af þessari stærðargráðu,“ útskýrir Hallberg.

„Ég hef ekki haldið neina svona heiðurstónleika áður og vissulega er ákveðin togstreita hvað varðar slíka viðburði innan bransans en við gátum bara ekki haldið í okkur og kófið kallaði á þetta,“ segir Teitur.

Einlægnin í íróniunni
Hvað kom til að þið ákváðuð að halda þessa tónleika í sameiningu?

„Hugmyndin var mín. Við vorum að hittast og spila saman Lou Reed-lög í kófinu og ég stakk upp á að við myndum heiðra karlinn á áttatræðisafmælinu í mars 2022. Síðan byrjuðum við á Velvet katalóknun og komumst að því að það var af nógu



Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur@frettabladid.is



Hallberg og Teitur, en sá síðarnefndi heldur á Vox Phantom, samskonar bassa og John Cale átti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.



Hljómsveitin árið 1970 en það urðu vissulega mannabreytingar í gegnum tíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

að taka þar svo við bókunum tónleika á Kexinu með mánaðar fyrirvara og höfum stífar æfingar,“ segir Teitur.

Félagarnir eru snöggir til svars þegar þeir eru inntir eftir því hvað það er sem er svo heillandi við hljómsveitina.

„Dulúðin, hráleikinn og einlægnin í íróniunni,“ svarar Teitur.

„Sándið, stillinn, neyslan, ógæfan, lúkkið, mystikinn. Þarna fæddist kúlið,“ segir Hallberg.

Hallberg hefur verið mikill aðdáandi hljómsveitarinnar í sextán ár.

„Svo fékk Ryan hana með móðurmjólkinni,“ segir Hallberg.

Teitur sókkti sér fyrst af alvöru í verk sveitarinnar í gegnum verkefnið.



Krakkarnir í Velvet
spiluðu aldrei neitt lag tvisvar eins, svo við höfum það líka til hliðsjónar og gefum okkur skáldaleyfi til að útsetja lifandi flutning okkar í eintómum filing.

„Ég veit að KGB er búinn að hlusta á sveitina lengi. Hún hefur verið á radarnum hjá mér en ég viðurkenni að ég hef fyrst verið að sökkva tönnunum í heildarverk sveitarinnar í gegnum þetta verkefni, The After Hour.“

Leggja allt í sölurnar
Þeir hafa undirbúið sig fyrir tónleikana með því að horfa á upptökur af sveitinni að spila.

„Við erum örugglega búnir að hlusta á allt „live“ efni sem til er með Velvet Underground og erum við oft

að blanda saman stúdíó-útgáfum og „live“-útgáfum, tvinna saman bræðing að okkar skapi. Krakkarnir í Velvet spiluðu aldrei neitt lag tvisvar eins, svo við höfum það líka til hliðsjónar og gefum okkur skáldaleyfi til að útsetja lifandi flutning okkar í eintómum filing,“ segir Hallberg.

„Þess má til gamans geta að ég gróf upp gamlan bassa, Vox Phantom, þegar við vorum byrjaðir að æfa. Ég nefndi þá við strákana að ég væri með svona Vox skripildi í viðgerð og þeir sendu mig rakleitt að ná í kvikindið. Ég kom um hæl með skepnuna og þeir sýndu mér mynd af John Cale með eins bassa. Ég er bara gjörsamlega dolfallinn. Þetta er búið að vera mikill skóli fyrir mig enda er ég aðallega gítarleikari en ég hef gaman af áskorunum,“ bætir Teitur við.

Farið þið alla leið með lúkkið og stemninguna?

„Já, danshópurinn Kviðsystur mun stíga góðodans, myndefni varpað á vegg og selskapurinn leggur allt í sölurnar,“ segir Hallberg.

Það er fritt inn á tónleikana sem munu hefjast klukkan 20.00 á Kex hostel í kvöld, og ættu aðdáendur sveitarinnar ekki láta þá fram hjá sér fara. ■

SPENNAN
MAGNAST

AÐEINS
3.990 kr./mán

stod2.is

30%

AFSLÁTTUR

MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flugger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Jón og Gunna eru ungt par sem keyptu sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnast viðhalds og þeim vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu íbúðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki.

MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

687.368 kr.

Jónína er kona á besta aldri keypti nýja íbúð. Þar vantaði öll ljós, parket og gardínur. Einnig keypti hún nýjan sófa í Húsgagnahöllinni þar sem gamli sófinn var of stór.

Hún keypti allt sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

MEÐ VILDARKORTINU SPARAÐI HÚN:

458.978 kr.

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu gamalt einbýlishús sem þarfnast yfirhalningar. Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi, spórtsluðu og máluðu allt húsið, settu granítborðplötur á eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í Betra bak.


MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

1.442.500 kr.



Bæjarlind 4 • Kópavogi
s. 510 7900 • FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



ÞEKING OG REYNSLA • frittverdmat.is • nyjaribudir.is



Bakþankar

Árna
Helgasonar



Janssen-glussinn

Ég var ekki fyrr búinn að lesa samsæriskenninguna um að allir sem fái bóluefni verði dánir innan þriggja ára þegar sms-ið kom. Janssen-glussinn fyrir mig. Við erum búin að hugsa svo mikið um þessi bóluefni að þau eru farin að taka á sig sinn eigin karakter. Pfizer slær mann sem háþróað tækniundur, framleitt í rándýrri og framtíðarlegri til-raunastofu á meðan Janssen er af gamla skólanum. Ég sé fyrir mér gamlan, sérvitran vísindamann á eyðibýli að sulla í pottum og prófa glundrið á hundinum sínum sem er kominn með tvö höfuð og sjö fætur en er að öðru leyti undarlega stálsleginn.

Að íslenskum sið ákvað ég strax að mæta alls ekki á boðuðum tíma. Ég lagði á mig allavega þriggja tíma vinnu til að spara mér mögulegan hálf tíma í röð, var með menn á staðnum og fékk upplýsingar í rauntíma um gang mála. Þegar leiðin var orðin greið þusti ég af stað. Umgjörðin í Höllinni er tilkomumikil, hugguleg tónlist í hljóðkerfinu og beint streymi frá Geldingadal. Sennilega einsdæmi í heiminum að bein útsending frá virku eldgosi í innan við 50 km fjarlægð teljist besta leiðin til að róa fólk niður.

Það vantaði ekki að ferlið væri allt fumlaut og faglegt. En ég veit ekki hvort það var eldgosið, samsæriskenningarnar eða nálarnar en bara á þeim 20 mínútum sem ég var þarna var talsvert um aðsvif og yfirlíð. Fólk er þó fljótt á fætur aftur, rétt eins og þjóðfélagið um þessar mundir. Ekki seinna vænna, við höfum bara þrjú ár til að njóta frelsisins! ■


FRÉTTABLAÐIÐ 20

NÁÐU TIL
FJÖLDANS!

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

Sími: 550 5050
soludeild@frettabladid.is



*Samkvæmt prentmælingum Gallup



Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north